

JÓHANN BREIÐFJÖRD

Starfaði sem hönnuður hjá LEGÓ í mörg ár.



GUNNAR FRÍÐÞJÓFSSON

Rekur besta veitingahúsið á Balí

Delicat-staðurinn slær í gegn



Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan pappír



allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FÓLK 34

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

4. júní 2007 – 149. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Simpsons á íslensku

400. þátturinn um Simpson fjölskylduna verður sýndur hér á landi í júlí með íslensku tali.



FÓLK 34

Tískan í New York

Frægir fatahönnuðir á borð við Karl Lagerfeld sýndu „resort“ línur sínar á dögnum. Útkoman var glæsileg.



FÓLK 24

Sundurlyndisfjandinn

„Guðni Ágústsson átti setningu kvöldsins þegar hann tók saman ræðu formanns VG í þremur orðum: „Enn grætur hann“,“ skrifar Össur Skarphéðinsson.


Í DAG 16

Sama gamla sagan

Það hafa engar framfarir orðið á leik íslenska landsliðsins undir stjórn Eyjólf Sverrissonar. Liðið státar af einum sigri í átta leikjum undir stjórn Eyjólf.

ÍPRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG




BLAUTUR VESTURHLUTI - í dag verða suðaustan 8-15 m/s vestan til annars heldur hægari vindur. Rigning á vesturhluta landsins en yfirleitt bjart með köflum norðaustan og austan til. Hiti 10-20 stig, hlýjast norðaustan og austan til.

VEÐUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu

77%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Hugbúnaðarstuldur á heimsmælikvarða

Ísland er í öðru sæti á lista yfir þjóðir sem nota mest af ólöglegum hugbúnaði. Aðeins Aserbaídsjan er ofar en Ísland. Óman, Barein og Katar standa sig betur. „Hugverkþjóð til skammar,“ segir framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

TÆKNI Íslenskar tölvur eru fullar af ólöglegum hugbúnaði. Bandaríska ritið The Economist hefur birt lista yfir þær þjóðir heimsins sem hafa mest af illa fengnum hugbúnaði í hverri tölvu. Ísland er í öðru sæti, á eftir Aserbaídsjan. Óman og Barein eru í þriðja og fjórða sæti.

Samkvæmt árlegri rannsókn alþjóðlegra samtaka hugbúnaðarframleiðenda (Business Software Alliance) voru 53 prósent af hugbúnaði á Íslandi ólöglega fengin árið 2006. Til samanburðar var Svíþjóð með 26 prósent, Noregur með 29 prósent, Danmörk með 25 prósent og Finnland með 27 pró-

AFTARLEGA Á MERINNI

Hlutfall ólöglegs hugbúnaðar 2006

Danmörk	25%
Svíþjóð	26%
Finnland	27%
Noregur	29%
Ísland	53%
Pólland	57%
Litháen	57%
Heimsmeðaltal	35%

Heimild: Business Software Alliance

sent. Heimsmeðaltalið er þrjátíu og fimm prósent.

„Þetta er ekki keppni sem maður vill vinna,“ segir Halldór Jörgens-

son, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi. Microsoft framleiðir einna mest af þeim hugbúnaði sem notaður er hér á landi. Þar má helst nefna stýrikerfið Windows og Office-hugbúnaðarpakkann.

Fríðrik J. Skúlason tölvunarfræðingur, sem rekur samnefnt vírusvarnaryfirtæki, segir hugarfarsbreytingu þurfa til að laga vandann.

„Opinberi geirinn og mörg fyrirtæki hafa sín mál nokkurn veginn í lagi en í heimilistölvum er gífurlega mikið af illa fengnum hlutum, hvort sem það eru forrit, leikir, tónlist eða kvikmyndir,“ segir Fríðrik.

- sfs / sjá síðu 6

Rauður fjölskylduharmleikur: Sæta ofsóknum vegna hárlitar

BRETLAND Hatursmenn rauðhærðra hafa gert breskri fjölskyldu lífið óbærilegt undanfarin ár.

Meðlimir hennar fullyrða að þeir hafi þurft að flytjast búferlum þrisvar á þremur árum og lifa lífi sínu líkt og útlagar eða flóttamenn vegna ofsókna.

Kevin og Barbara Chapman búa í Newcastle og eiga níu börn. Allir í fjölskyldunni eru rauðhærðir.

And-rauðhærð slagorð hafa itrekað verið máluð á hús þeirra og eignir þeirra skemmdar. Ellefu ára sonur þeirra hefur meðal annars sagst hafa íhugað sjálfsmorð, en margoft hefur verið ráðist á hann.

Talsmaður borgaryfirvalda fór þess á leit við fjölskylduna að hún litaði einfaldlega hárlit. Móðguð fjölskyldan fór ekki að þeim ráðum.

- sh



NIKKAN ÞANIN Guðrún Guðjónsdóttir sést hér til vinstri ásamt félagum í Harmonikkufélagi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Harmonikkufélag Reykjavíkur: Gömlu góðu lögin sívinsæl

SJÓMANNADAGURINN Harmonikkufélag Reykjavíkur hefur um árabil haft það fyrir sig að koma fram í tilefni af sjómannaárinum og segir formaðurinn, Guðrún Guðjónsdóttir, það einstaklega gaman, enda sé alltaf rífandi stemning fyrir hendi.

„Við tökum fyrir sjómannaögin og gömlu góðu danslögin,“ segir Guðrún, hress í bragði þrátt fyrir að hafa verið önnum kafin við spilamennsku alla helgina. „Eftir á að hyggja hefði ég nú alveg getað bætt við mig, enda erum við nú ekki von að kvarta.“

Að sögn Guðrúnar hittir lagavalið alltaf beint í mark. Fólk finnst gaman að heyra gömlu góðu lögin og hafi margir verið farnir að syngja með og hreyfa sig eftir hljómfallinu er líða tók á daginn.

- rve

Fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna í Tékklandi og Póllandi:

Pútín hótar nú Evrópuríkjum

RÚSSLAND. AP Vladímír Pútín Rússlandsforseti varar við því að Rússar muni grípa til hefndaraðgerða ef Bandaríkjamenn láta verða af áformum sínum um að reisa eldflaugavarnakerfi í Tékklandi og Póllandi.

Pútín segir að hvorki Íran né Norður-Kórea hafi yfir að ráða flugskeytum af því tagi, sem Bandaríkjamenn segja kerfinu ætlað að vinna bug á. Þar með hljóti því að vera beint gegn Rússlandi.

„Okkur er sagt að eldflaugavarnakerfinu sé beint gegn einhverju sem er ekki til,“ sagði Pútín við fréttamenn í Moskvu í gær. „Það væri fyndið ef það væri ekki svona sorglegt.“

Hann sagðist vona að Bandaríkjamenn sæju að sér, að öðrum kosti sverji Rússar af sér alla ábyrgð á viðbrögðum sínum.

Í viðtali við ítalska dagblaðið Corriere della Sera í gær segir Pútín að nú muni Rússar „að sjálfsögðu“ beina kjarnorkuvopnum sínum gegn Evrópuríkjum, bæði hernaðarmannvirkjum Bandaríkjanna í Evrópu og öðrum skotmörkum í Evrópuríkjum.



VLADÍMÍR PÚTÍN Forseti Rússlands segir vopn- jafnvægið í heiminum í uppnámi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í síðustu viku gerðu Rússar tilraunir með nýja tegund af flugskeytum, sem þeir segja að geti ráðið við fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna.

„Vopn- jafnvægið í heiminum er í uppnámi,“ segir Pútín.

- gb

Allir í sund 9. júní!

5 dagar til stefnu

Síminn



www.sundsbands.is

SPURNING DAGSINS



Er uppi á þér typpið Sigurður?

„Já, mínir limir eru alltaf í góðri reisu.“

Reiðsáfn Sigurðar Hjartarsonar á Húsavík var valið skrifnasta safn veraldar á erlendra vefsíðu, og var Sigurður að vonum hæstánægður með heildurinn.

Ungt par á gjörgæsludeild:
Enn í öndunar-
vél eftir bílslys

LÖGREGLUMÁL Unga parið sem lenti í bílslysi á Suðurlandsvegi á miðvikudag liggur enn á gjörgæsludeild. Konunni er haldið sofandi í öndunarvél en maðurinn er kominn til meðvitundar. Þrjú mánaða gamalt barn þeirra, sem einnig var á bílnum, slasaðist mun minna.

Fólkið var í jeppling sem hafði staðnæmst í vegkanti við Suðurlandsveg. Þegar jeppi kom aðvífandi fór jepplingurinn af stað, og þvert yfir veginn þar sem ökumaðurinn hugðist taka u-beygju. Jeppinn ók þá inn í hliðina á jepplingnum.

- sh



BORGARNES Grettisskarð í Borgarnesi var breytt í bardagasvæði fyrir víkinga.

Víkingahátíð í Borgarnesi:

Lögðu Grettisskarð undir sig

HÁTÍÐ Þeim sem áttu leið um Grettisskarð í Borgarnesi um helgina, hefur sjálfsagt brugðið í brún við að sjá víkinga við leik og störf. Þar var á ferðinni Víkingafélagið Rimmugýgur, sem stóð fyrir víkingahátíð til að þjálfa nýlída fyrir slík hátíðahöld.

Áhugamenn um víkinga hafa vafalaust flestir fundið þar eitthvað við sitt hæfi, þar sem meðlimir víkingafélagsins slógu upp búðum, bardagasvæðum og aðstöðu fyrir handverksmenn, þar sem víkingamunir voru hafðir til sölu.

Þetta kemur fram í samtali eins forsvarsmannanna, Úlfars Danielssonar, við Skessuhorn.

-rve

Flutt með þyrlu til Reykjavíkur eftir að hafa fundist meðvitundarlaus í tjaldvagni:

Eldri hjón illa haldin af gaseitrun

SLYS Eldri hjón fundust meðvitundarlaus í tjaldvagni í Djúpadal á Barðaströnd skömmu fyrir hádegi í gær, að því er talið vegna gaseitrunar. Þau voru í bráðri lífshættu þegar þau komust undir lækni-hendur og eru enn afar veik og illa haldin. Annað þeirra var flutt á gjörgæsludeild í gærkvöldi.

Hjónin eru á sjötugs- og áttæðisaldri. Samferðamenn þeirra fundu þau meðvitundarlaus og höfðu samband við lögreglu. Kallað var eftir þyrlu Landhelgisgæslunnar sem kom á staðinn um klukkan eitt. Í millitíðinni hlúðu lækni og sjúkraliðar frá Búðardal að hjónunum á staðnum. Þyrlan flutti fólkið á Landspítalann í Fossvogi.

Talið er afar líklegt að fólkið hafi orðið fyrir kolmónoxíðeitrun. Lögreglan hefur tekið ýmsan viðlegubúnað hjónanna til skoðunar og beinist rannsóknin meðal annars að gaskúti sem var í tjaldvagninum.

- sh

VESTFIRDÍR Samferðamenn hjónanna fundu þau meðvitundarlaus og kölluðu á hjálp. Einum og hálfum tíma síðar kom þyrla Landhelgisgæslunnar á staðinn og flutti þau til Reykjavíkur.



Hvert mál sparar 600 þúsund krónur

Hvert bótasvikamál einstæðra foreldra sparar samfélaginu 600 þúsund krónur. Sparnaður skráðra mála Tryggingastofnunar á tveimur árum er yfir 70 milljónir. Aðeins er leyst úr litlum hluta málanna sem öll koma upp vegna ábendinga.

TRYGGINGAMÁL Í hverju bótasvikamáli einstæðra foreldra sem Tryggingastofnun ríkisins (TR) leysir úr sparast 600 þúsund krónur að meðaltali fyrir samfélagið. 117 slík mál hafa verið skráð hjá TR á tveimur árum sem er tæp sextíu prósent skráðra bóta- og tryggingasvikamála hjá stofnuninni. Eftirlit TR telur sig aðeins hafa vitneskju um lítinn hluta bótasvika í þessum flokki. Heildarupphæð svikanna nema því hundruðum milljóna króna á ári.

Gunnar Þ. Andersen, forstöðumaður eftirlits TR, segir að um sé að ræða mál þar sem lögheimili maka er rangt skráð til að hækka bótagreiðslur frá TR. „Við vitum að við sjáum aðeins lítinn hluta þessara mála. Erfitt er að henda reiður á hversu útbreiddur vandinn er en það er mín tilfinning að við fáum í mesta lagi vitneskju um tíu til fimmtán prósent þessara mála, eins og í Noregi.“ Gunnar bendir á að þau 117 mál sem TR hefur leyst úr á síðustu tveimur árum spari samfélaginu rúmlega 70 milljónir króna þegar upp er staðið. „Það er því alveg ljóst að upphæðirnar sem um er að tefla eru miklar.“

Það vekur athygli að af 186 skráðum málum hjá TR, þar sem bótasvik einstæðra foreldra og svört vinna á í hlut, er um ábendingar almennings að ræða í nær öllum tilfellum. Árið 2005 voru ábendingar um svik til TR 34 talsins en 123 árið 2006 sem er yfir 250 prósent aukning. Spurður hvað valdi mikilli fjölgun ábendinga á síðastliðnum árum bendir Gunnar á tvennt. Kynnt hafi verið fyrir fólki hvernig á að koma ábendingum á framfæri en einnig geti verið um hugarfarsbreytingu að ræða sem skýri fjölgun ábendinga að hluta. „Það er líka rétt að benda á að ábendingar eru stundum tilhæfuleysar og stundum til komnar vegna persónu-



TRYGGINGASTOFNUN Hvert mál sem stofnunin leysir úr sparar samfélaginu 600 þúsund krónur að meðaltali þegar upp er staðið. Fólk litur almennt ekki á svikin sem þjófnað eins og í Noregi og Svíþjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

legrar óvildar. Eins koma upp mál þar sem fólk þekkir vel til og ofbýður lífsstíll fólks sem er ekki í neinu samræmi við tekjur.“

Á alþjóðlegri ráðstefnu TR um bóta- og tryggingasvik í síðasta mánuði kom fram í máli sérfræðinga frá Norðurlöndunum að í Svíþjóð og Noregi er litíð á bótasvik sem þjófnað. Á Íslandi og Finnlandi hins vegar er þessu öðruvísi farið og jafnvel talað um sjálfsbjargarvildleitni fólks að fá hærri bætur með rangri skráningu lögheimilis. „Orðið þjófnaður er ekki notaður um þetta hér. En við erum þó komin af stað, ólíkt Fínum sem viðurkenna ekki vandann“, segir Gunnar.

svavar@frettabladid.is

SKRÁÐ SVIKAMÁL HJÁ TR 2005 TIL 2007

Ár	Einstæðir foreldrar	Svört vinna	Sérfræðingar	Skjalafals	Annað	Alls
2005	19	15	0	1	0	35
2006	80	43	7	0	3	130
2007	18	11	3	0	0	32
Alls	117	69	10	1	3	200
%	59%	35%	5%	0,5%	1,5&	

BÍLL DAGSINS

TOYOTA PREVIA

Nýskr. 03.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 100 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Prír menn handteknir og þess fjórða leitað vegna áforma um hryðjverk:

Hefði valdið gríðarlegu tjóni

BANDARÍKIN, AP Bandarísk stjórnvöld hafa gefið út ákærur á hendur fjórum mönnum, handtekið þrjá þeirra og þess fjórða er leitað vegna áforma þeirra um sprengjuárásir á John F. Kennedy alþjóðaflugvöllinn í New York.

Mennirnir eru sagðir hafa ætlað að sprengja öflugar sprengjur á flugvöllum, meðal annars sprengja eldsneytisgeyma og leiðslur fyrir þotueldsneyti. Þær leiðslur liggja að hluta um fjölmenna íbúðabyggð.

Bandarískir sérfræðingar segja sprengjuárásir af þessu tagi geta valdið gríðarlegu tjóni á efnahagslífi Bandaríkjanna, einkum þó á flugrekstri. Ólíklegt þykir þó að manntjón hefði orðið jafn mikið og að var stefnt.

Bandarísk stjórnvöld segjast hafa fylgst með áformum manna í meira en ár. Engu að síður voru áformin enn á byrjunarstigi.

Einn manna er Russel Defreitas, 63 ára maður, sem er bandarískur ríkisborgari en fæddur í Afríkurlandinu Gvæjana. Hann virðist hafa fengið hugmyndina fyrir um tíu árum þegar hann starfaði við vörumóttöku á Kennedyflugvelli. Öryggisráðstafanir á flugvöllum hafa hins vegar breyst mikið síðan hann starfaði þar.

Hinir tveir, sem handteknir hafa verið, eru Abdul Kadir, sem eins og Defreitas er frá Gvæjana, og Kareem Ibrahim frá Trinidad. Fjórða mannsins, Abdel Nur frá Gvæjana, er nú leitað í Trinidad.

- gb

Slys í árekstri á Akureyri:

Kona á vespu slasaðist talsvert

LÖGREGLUMÁL Kona á sextugsaldri slasaðist töluvert í árekstri vespu og fólksbíls á Glerárgötu á Akureyri skömmu fyrir hádegi í gær. Konan var flutt með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Konan, sem ók vespunni, hlaut áverka á höfði og fæti, en ökumaður fólksbílsins var einn í bílnum og slapp hann án teljandi meiðsla.

Tildrög slyssins eru ekki að fullu ljós, en annað ökutækið mun hafa ekið í veg fyrir hitt á gatnamótum. Hvorugt ökutækjanna skemmdist að nokkru ráði.

- sh

Deilt um ráðningarsamning:

Agli Helgasyni hótað lögbanni

FJÖLMIDLAR Forsvarsmenn 365 miðla, sem gefa meðal annars út



EGILL HELGASON

Fréttablaðið, hóta því að krefjast lögbanns á fyrirhuguð störf þáttastjórnandans Egils Helgasonar hjá RÚV og hyggjast hefja undirbúningu að skaðabótamáli á hendur honum ef Egill efnir ekki tveggja ára starfssamning.

Einar Þór Sværissón, lögmaður 365, sendi Agli bréf í gær, þar sem vísað er í tölvupóstsamskipti Egils og Ara Edwald, forstjóra 365, sem talin eru sanna að Egill hafi í lok apríl gengið frá tveggja ára samningi við 365.

Egill Helgason sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna málsins, þar sem hann segir samning sinn við 365 miðla hafa runnið út 31. maí síðastliðinn og hafi hann aldrei verið endurnýjaður. „Ég skil ekki þetta vesen og nenni eiginlega ekki að taka þátt í því“, segir Egill í yfirlýsingunni.

- sh

Landssamband eldri borgara:

Helgi tekur við formennsku

FÉLAGSMÁL Helgi Hjálmarsson var í gær kjörinn formaður Landssambands eldri borgara á aðalfundi sambandsins.

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sem hefur verið formaður undanfarin tvö ár dró framboð sitt til baka á síðustu stundu og var Helgi, sem er viðskiptafræðingur að mennt, kjörinn einróma án atkvæðagreiðslu.

Miklar deilur hafa verið undanfarin vikur innan sambandsins milli stuðningsmanna Helga og Ólafs.

- sh



FARPEGAR Á JFK-FLUGVELLI Mennirnir eru sagðir hafa ætlað að sprengja upp eldsneytisgeyma og leiðslur fyrir þotueldsneyti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Þinn stökkpallur að námi loknu

- 90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
- Námslokalán
- Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
- Sérkjör á bílafjármögnun
- Frítt kreditkort fyrsta árið
- 15.000 króna inneign á VISA kreditkort

Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á spar.is eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,56 61,86
Sterlingspund	121,79 122,39
Evra	82,68 83,14
Dönsk króna	11,098 11,162
Norsk króna	10,193 10,253
Sænsk króna	8,880 8,932
Japanskt jen	0,5046 0,5076

SDR	93,05	93,61
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
112,4123		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

KSÍ auglýsir að meðhöndlun áfengis sé óheimil en býður upp á áfengi:

Eins og gert er víða erlendis

ÁFENGI „Knattspyrnan er stór viðskiptagrein og í kringum hana fara fram einkasamkvæmi, meðal annars í þar til gerðum rýmum á knattspyrnuleikvöngum um allan heim. Þessu er ekkert öðruvísi farið hjá okkur en hjá öðrum þjóðum,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa félög í Landsbankadeildinni og KSÍ boðið upp á áfengi í samkvæmisrými Laugardalsvallar. Samkvæmt stefnu KSÍ, sem tekur mið af reglum alþjóðaknattspyrnusambands UEFA og FIFA, er áfengisneysla og áfengissala bönnuð á leikvöngum.

Boðið var upp á áfengi í samkvæmisrými Laugardalsvallar á landsleik á laugardaginn.

Brynjart Jóhannesson, framkvæmdastjóri hjá Fram, lét hafa eftir í sér í Fréttablaðinu á föstudag að einungis væri boðið upp á „kaffi og brauð“ í samkvæmum á vegum félagsins. Myndir sem Fréttablaðið náði er leikur Fram og FH fór fram, fyrir tæpri viku, sýna að þar var áfengi á boðstólum.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði í Fréttablaðinu á föstudag að samkvæmisrými væri „ekki hugsað sem rými þar sem áhorfendur gætu verið að höndla með áfengi.“ - mh



ÁFENGI Í BOÐI Meðhöndlun áfengis var sögð óheimil. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Siglufjarðar Seigur ehf: Hvatningarverðlaun veitt

VINNUMARKAÐUR Bátasmiðjan Siglufjarðar Seigur ehf. hlaut hvatningarverðlaun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi (SSNV) á þriðjudaginn. Adolf H. Berndsen, formaður SSNV, afhenti hvatningarverðlaunin í húsakynnum Siglufjarðar Seigs. Fyrirtækið var verðlaunað fyrir hugkvæmni og áræði sem starfsmenn og stjórnendur hafa sýnt við uppbyggingu fyrirtækisins. Markmið verðlaunanna er að hvetja til nýsköpunar og vekja athygli á því sem vel er gert á Norðurlandi vestra. Hvatningarverðlaunin hafa verið veitt frá 1999.

- lbb

Sjómanna dagurinn á Akureyri: Mikil hátíða-höld að ári

AKUREYRI Á meðan haldið var upp á sjómanna daginn víðast hvar um land fór minna fyrir skemmtana-haldi á Akureyri og Dalvík, fyrir utan messuhald, þar sem ákveðið var að blása það af vegna dræmrar þátttöku síðustu ár. Þess má geta að þar hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur síðan 1939.



KONRÁÐ G. ALFREÐSSON

Konráð G. Alfreðsson, formaður sjómannafélags Eyjafjarðar, segir þróunina valda miklum vonbrigðum en blásið verði til sóknar á næsta ári. „Við ætlum að snúa bökum saman og hefja sjómanna daginn til vegs og virðingar á ný,“ sagði hann og var sannfærður um að það yrðu mikil hátíðahöld að ári.

Hætti námi í kreppunni miklu: 91 árs klárar framhaldsskóla

BANDARÍKIN Bandarísk kona, sem þurfti að hætta í skóla í kreppunni miklu á millistríðsárunum til að fara á vinnumarkaðinn, útskrifaðist úr framhaldsskóla í Utah-riki á laugardaginn var. „Þetta er fyrst og fremst táknrænt fyrir mig,“ sagði Martha Jorgensen, sem er 91 árs. Martha hélt ræðu við útskriftina sem elsta manneskja sem hefur lokið framhaldsskóla þarlendis í öldungadeild.

Til að fá gráðuna þurfti hún þó fyrst að greiða 31 sent í sekt fyrir bika sem hún braut í South Cache-skólanum í bænum Hyrum árið 1931, sem hún og gerði.

Mikið um dýrðir um land allt

Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur víðast hvar um landið um helgina með skipulögðum viðburðum, messuhaldi, skemmtisiglingum og dansleikjum. Framtíð íslensks sjávarútvegs bar á góma í ræðum.

SJÓMANNADAGURINN Fjölbreytt dagskrá var í Reykjavík þar sem Hátíð hafsins fór fram niður við Reykjavíkurbær og var þar margmenni samankomið meðal annars til að skoða furðufiska, prófa leiktæki og bragða á skelfiski. Menn virtust skemmta sér vel og létu ekki á sig fá þótt það rigndi á meðan, enda ágætis áminning um þau óblíðu veður-skilyrði sem íslenskir sjómenn þurfa oftar en ekki að kljást við.

Fjölmenni var einnig samankomið í Hafnarhúsinu þar sem Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannadagsráðs, setti hátíðina og að svo búnu ávarpaði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra samkomuna. Ræddi hann um meðal annars um ábyrgð í nýtingu auðlinda og nefndi í því samhengi minnkun leyfilegs hámarksaflla í þorski. „Það er ljóst að við stöndum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum sem liggja þurfa fyrir nú í sumar,“ sagði Einar. „Ég hygg að við þessar aðstæður sé skynsamlegast að við setjumst niður, hagsmunaaðilar, stjórnmalamenn úr öllum flokkum og vísindamenn og förum yfir þessi mál.“

Björn Ingi Hrafnsson, formaður hafnarstjórnar Faxaflóahafna, var einnig á meðal ræðumanna og sagði menn verða að viðurkenna, að samfélagið, sem greip til fiskveiðistjórnunarkerfisins til að forðast efnahagslegt hrun, væri ekki lengur til. Nýir tímar væru í garð gengnir og ræða ætti galla kerfisins fordómalaust. Hann lagði enn fremur til að fiskistofnar yrðu nýttir til að skjóta sterkari stöðum undir byggðir, sem standa höllum fæti í landinu. Samvinnuhugsjón væri betri en óheft frjálshyggja.

Hátíð hafsins fór fram á Akranesi á laugardag og þar gafst almenningi meðal annars tækifæri til að skoða Akraborgina, fylgjast með björgun úr sjó og skella sér á bryggjuball og hlýða á flutning Ragga Bjarna og Matta úr Pöpunum á gömlum sjómanna-lögum.

Á Vestfjörðum var mikið um dýrðir alla helgina líkt og síðustu ár, með messuhaldi, skemmtisiglingum, skruðgöngum og dansleikjum þar sem landsþekktir skemmtikraftar á borð við Friðrik Ómar og Regína Ósk tróðu upp og héldu uppi fjöri. Ekki má gleyma alls kyns þrautum þar sem sjómenn



SKEMMTUN Boðið var upp á alls kyns skemmtun við Reykjavíkurbær í gær, meðal annars sýningu á furðufiskum, róðrarkeppni, björgun í sjó auk þess sem boðið var upp á góðgæti, eins og sést á meðfylgjandi mynd.



PATREKSFJÖRÐUR Sterk hefð er fyrir sjómanna deginum á Patreksfirði, sem var svo fjölsóttur að við fyrstu sýn mátti ætla að íbúaföldi hefði tvöfaldast.

FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN



FRAMTÍÐ SJÁVARÚTVEGS Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, Björgólfur Jóhannsson, formaður LÍU og Björn Ingi Hrafnsson, formaður hafnarstjórnar Faxaflóahafna, ræddu framtíð sjávarútvegs á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

öttu kappi hver við annan sem og landkrabba.

Fjörrið var ekki minna í fjörðunum fyrir austan, þar sem boðið var upp á alls kyns skemmtun fyrir börn og fullorðna og létu fáir á sig fá

þótt veðrið væri ekki alltaf með besta móti. Þegar líða tók á kvöldið var sums staðar slegið upp balli og dansað fram á rauðanótt.

roald@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. www.lagadeild.hi.is.
Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

FLOTTAST FYRIR AUSTAN

Mér sýnist á öllu að í dag verði veðrið einna flottast á Austurlandi og austast á Norðausturlandi. Nokkuð bjart veður er í kortum dagsins fyrir þau svæði ásamt sæmilega hægum vindi og hita nálægt 20 stigum. Staðir sem líklegir eru til að slá 20 stiga múrinn eru Vopnafjörður og e.t.v. einnig Ásbyrgi og Aðaldalur, austan Akureyrar.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Suðaustan 8-13 m/s. Rigning með köflum. Hiti 10-14 stíg.

um hádegi »

» á morgun

5-13 m/s hvassast sunnan til.

» miðvikudagur

3-8 m/s

um hádegi »		um hádegi »		um hádegi »	
Kaupmannahöfn	20°C hálfskýjað	London	21°C hálfskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Billund	21°C léttskýjað	Paris	24°C skúrir	Mallorca	25°C alskýjað
Osló	24°C léttskýjað	Frankfurt	24°C skúrir	Basel	24°C hálfskýjað
Stokkhólmur	24°C hálfskýjað	Friedrichshafen	21°C skúrir	Eindhoven	24°C hálfskýjað
Gautaborg	23°C hálfskýjað	Berlín	22°C skúrir	Las Palmas	25°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SUNDSAMBAND
ÍSLANDS



www.sundsamband.is

Allir í sund 9. júní

með Símanum og SSÍ

Simon Traustason byrjaði að æfa sund reglulega fyrir ári síðan. Nýverið bætti hann tímann sinn í 500 m skriðsundi um rúma mínútu. Síminn og SSÍ óska Símoni til hamingju með árangurinn.

Frítt í flestar laugar um land allt. Nánari upplýsingar á www.siminn.is

Síminn

KJÖRKASSINN



Var jafnteflið gegn Liechtenstein ásettannlegt?

JÁ	81%
NEI	19%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Tókstu þátt í hátíðahöldum í tilefni sjómanna dagsins?

Segðu skoðun þína á visir.is

Meðalverðmæti stolins hugbúnaðar með því hæsta í íslenskum tölvum:

Gott dæmi um virðingarleysi

TÆKNI Samkvæmt árlegri rannsókn alþjóðlegra samtaka hugbúnaðarframleiðenda (Business Software Alliance) voru 53 prósent af hugbúnaði á Íslandi ólöglega fengin árið 2006. Til samanburðar var Svíþjóð með 26 prósent, Noregur með 29 prósent, Danmörk með 25 prósent og Finnland með 27 prósent. Heimsmeðaltalið er þrjátíu og fimm prósent.

„Staðan hefur lagast á síðastliðnum þremur árum, en hún er ennþá slæm. Það er mikill tvískinnungur fólgin í því að segjast vera hugverkaland sem byggir á mannauði, en hafa svo mjög slakar hugmyndir um hugverkarétt,“ segir Halldór Jörgensen, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

Fríðrik J. Skúlason tölvunarfræðingur segir sérstöðu Íslands í þessum málum gott dæmi um almennt virðingarleysi landans fyrir lögum og reglu. „Fólk heldur að þetta sé allt í lagi af því það

Í VAFASÖMUM FÉLAGSSKAP

Meðalverðmæti illa fengins hugbúnaðar í hverri tölvu í dollurum:

1. Aserbaidsjan	254
2. Ísland	223
3. Óman	210
4. Barein	190
5. Úkraína	186

Heimild: The Economist

hefði hvort eð er ekki keypt hlutinn, eða út af einhverri annarri afsökun. Þangað til hugarfarsbreyting verður þarfur við að setta okkur við að Ísland sé á bás með þessum þjóðum sem við viljum sjaldnast bera okkur saman við.“

- sps

Hæstiréttur snýr úrskurði:

10-11 ræningi í gæsluvarðhald

DÓMSMÁL Hæstiréttur sneri á fimmtudag úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur og dæmdi síbrotamann sem rændi verslun 10-11 í Kópavogi á mánudagsmorgun í gæsluvarðhald til 25. júní vegna endurtekinna brota. Maðurinn losnaði úr fangelsi síðastliðinn laugardag eftir að hafa setið inni fyrir þjófnað í tvo mánuði.

Auk þess að ræna 10-11 verslunina vopnaður járnstöng var hann ítrekað stöðvaður fyrir akstur undir áhrifum vímuefna, og var handtekinn fyrir þjófnað á þriðjudag.

- bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hestar í óskoðuðum bíl

Lögreglumenn á Blönduósi klipptu númer af óskoðuðum hestaflutningabíl um helgina í annað sinn á örfáum mánuðum. Bíllinn var fullur af hrossum, og segir varðstjóri lögreglu að það sé ólíkandi að menn hirði ekki betur um að láta skoða bíla sína.

Stympingar á dansleikjum

Talverð ölvun var á dansleikjum í tilefni sjómanna dagsins í fyrrinótt í umdæmi lögreglunnar á Húsavík, bæði þar og á Raufarhöfn. Víða þurfti að stöðva stympingar. Tvö mál komu upp sem flokka mætti sem líkamsárásir, en engar kærur hafa borist og enginn þurfti að gista fangaklefa.



FRÁ FLATEYRARHÖFN

Minnstu sjávarþorpin færur verst út úr mikilli skerðingu á þorskvóta þar sem smábátatúgerð er grundvöllur byggðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ROBERT

CAPACENT ÞJÁLFUN KYNNIR

LENGRA NÁM VETURINN '07-'08

Næsta haust býður Capacent þjálfun uppá fjölbreytt úrval lengra náms.

- Breytingastjórnun. Hefst 10. október
- Fjármál stjórnandans. Hefst 30. ágúst
- Leiðtögin – samskiptafærni. Hefst 6. september
- Markaðsmál fyrir stjórnendur. Hefst 5. september
- Markviss mannauðsstjórnun. Hefst 23. ágúst
- Nám fyrir almenna bókara. Hefst 4. október
- Stjórnendur framtíðarinnar II. Hefst 23. ágúst
- Stjórnendur framtíðarinnar. Hefst 12. september

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

capacent

Minnstu byggðirnar þola ekki samdrátt

Útgerðarmenn lítilla og stórra útgerða eru sammála um að þriðjungs skerðing á þorskvóta færi verst með smábátasjómenn og minnstu sjávarbyggðirnar. Fólk er víða óttaslegið en trúir því ekki að ráðgjöfinni verði fylgt í þaula.

SJÁVARÚTVEGUR Veiðiráðgjöf Haf-rannsóknastofnunar um þriðjungi minni afla í þorski á næsta fiskveiðiári kæmi verst niður á litlum útgerðum. Smábátasjómenn telja að fjöldi sjómanna á minni bátum þyrfti að hætta útgerð sem kæmi afar hart niður á sjávarþorpinum um allt land sem eiga mörg hver allt sitt undir smábátatúgerð. Útgerðarmenn og sjómenn hafa almennt ekki trú á því að veiðiráðgjöf Haf-rannsóknastofnunar verði fylgt í þaula og margir telja að útgefning kvóti verði í samræmi við gildandi aflareglu sem gæfi 178 þúsund tonna veiði á næsta fiskveiðiári.

Þorvaldur Garðarsson, varaformaður Landssambands smábátasjó- eigna, segir að ráðgjöf Haf-rannsóknastofnunar sé úr takti við upplifun sjómanna og ef henni verði fylgt í þaula þýði það að margir smábátasjómenn þyrfti að hætta útgerð. „Þetta þýðir ekkert annað fyrir þá sem búnir eru að kaupa mikinn kvóta. Fyrir þá sem

„Það er erfitt að ímynda sér hvernig það myndi enda hjá mörgum á minni stöðunum.“

ÞORVALDUR GARÐARSSON
VARAFORMAÐUR LS

eru með skuldbættar útgerðir er þetta hreinlega skelfilegt. Það eru frekar þeir sem hafa rótgrónar útgerðir sem gætu tekið þetta á sig.“ Þorvaldur segir að margir minni byggðir landsins muni illa geta tekið á sig skerðingu í þorski. „Það er erfitt að ímynda sér hvernig það myndi enda hjá mörgum á minni stöðunum. Það eru helst stóru útgerðirnar sem geta tekið þetta á sig því þær hafa úr meiru að móða.“

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf., telur að stórrar útgerðir myndu lifa af þriðjungs skerðingu þó hann sé þess fullviss að ekki muni verða farið eftir ráð-

gjöf Hafró. „En litlu útgerðirnar myndu sennilega hrynja niður. Litlu byggðirnar færur verst út úr þessu.“

Alexander F. Kristinsson, útgerðarmaður á Hellissandi, segir að ef farið yrði eftir ráðgjöf Hafró upp á þriðjungs skerðingu yrði það gífurlegt áfall. „Eins og Hafró leggur þetta upp þá lifa margir smábátasjómenn þetta ekki af. Ungir menn eru að skuldstetja sig til langs tíma til að komast inn í greinina. Það er í gildi aflareglu og menn ganga út frá henni þegar þeir fjárfesta. Svona skerðingu geta fáir tekið á sig.“

Marínó Jónsson, smábátasjó- maður á Bakkafirði, segir að hugsanleg skerðing komi illa niður á sinni útgerð „og samfélaginu hér í heild sinni“. Marínó segir að þrjár fjölskyldur á Bakkafirði standi að baki sinni útgerð. „Það er deginum ljósara að þær lifa ekki góðu lífi verði þetta að veruleika.“

svavar@frettabladid.is

Pólverjinn Jan Grzewski komst til meðvitundar fyrir tveimur mánuðum:

Vaknaði í gjörbreyttum heimi

PÓLLAND, AP „Ég gat ekki talað eða gert neitt, nú er það miklu betra,“ segir Jan Grzewski, 65 ára Pólverji sem í vikunni vaknaði upp eftir 19 ár í dái. „Ég vakna klukkan sjö á morgnana og fer að horfa á sjónvarpið,“ bætir hann við brosan- di.

Grzewski var 46 ára gamall árið 1989 þegar hann varð fyrir höfuð- meiðslum við vinnu sína. Hann var lestarstarfsmaður og var að tengja saman tvo lestarvagna þegar slysið varð. Hann féll í dá og lækna- r töldu hann eiga skammt eftir ólif- að, ekki síst þar sem þeir fundu einnig krabbameinsæxli í heila hans.

„Nú getur hann setið í hjóla- stólum og við borðum morgun- verð saman,“ segir Gertruda



GERTRUDA OG JAN GRZEWSKI Í fyrra tók hún eftir því að hann reyndi að tala og þá var hann sendur aftur á sjúkrahús eftir nærri tvo áratugi í dái. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

eiginkona hans, sem tók hann inn á heimili þeirra eftir að lækna- r á sjúkrahúsinu töldu sig ekki geta hjálpað honum meir.

„Ég varð alltaf svo reið þegar einhver sagði að veita ætti fólk eins og honum líknardauða, til þess að lina þjáningar þess,“ segir Gertruda. „Ég trúði því að Janek myndi ná sér.“

Á síðasta ári tók hún eftir því að hann reyndi að tala. Þá var hann sendur aftur á sjúkrahús og vaknaði úr dáinu fyrir tveimur mánuðum.

Árið 1989 var ennþá kommún- istastjórn í Póllandi en nú er landið gjörbreytt. Honum brá töluvert þegar hann sá hvernig umhorfs er nú á götum úti og í verslunum.

„Hann man eftir hillum sem voru fullar af sinnepi og ediki en engu öðru,“ sagði Wojciech Przagowski endurhæfingarsfræðingur sem annast Grzewski. - gb

Orkuveita Reykjavíkur

Fuglar í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 5. júní verður farin fuglaskoðunarferð kringum Gvendarbrunna undir leiðsögn Hafsteins Björgvinssonar fuglaskoðara.

Mæting er við Minjasafnið í Elliðaárdal, en kl. 19.30 verður ekið frá Minjasafninu að Gvendarbrunnum. Þeir sem ekki eru á bílum fá far. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sjónauka.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.oru.is

▶ FLOTTIR FERÐAFÉLAGAR

Dantax

DVDP7

FERÐA DVD SPILARI



12 og 220V

Glæsilegur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, Dolby Digital, og DTS út, AV inn/út, 2 heymartólstengi, Coaxial útgangi, hleðslurafhloðu, spennubreyti, tösku og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

VERÐ ▶ 14.990

FRÁBÆRT VERÐ

FERÐA DVD SPILARI

TVEIR SKJÁIR



12 og 220V

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD+R/RW, MP3 og JPEG

Lenco **MES210**

Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með tveimur 7" LCD breiðtjaldsskjám, Dolby Digital, innbyggðum hátölurum, hristivörn, heymartólstengi og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

VERÐ ▶ 26.990

FRÁBÆRT VERÐ



DVD Í BÍLA OG BÚSTAÐ



6 MEGA PIXEL

OLYMPUS FE190

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 22Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ ▶ 17.990

FULLT VERÐ kr. 24.990



FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI

7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS MJU760SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm, 2.5" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðum, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 18 Mb minni. Tekur xD kort.

VERÐ ▶ 26.990

FRÁBÆRT VERÐ

20GB HARÐUR DISKUR **SKRIFAR BEINT Á DVD DISKA**



JVC

GZMG47SHARE

Everio Share Station

Örsmá Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum disk (allt að 25 tíma upptaka) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökufloðu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2.7" LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. Everio Share Station fylgir. Tekur SecureDigital kort.

TILBOÐ ▶ 64.990

FULLT VERÐ kr. 74.990



Dantax

15LCDV7

15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Nicam stereó hljóðkerfi, Scart, SVHS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpí og fjarstýringu. 12V og 220V.

TILBOÐ ▶ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

12 og 220V



Lenco **DVT1901**

19" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með innbyggðum DVD spilara, Progressive Scan, 6w stereó hljóðkerfi, SD/MS/MMC kortalesari og USB tengi, Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi og textavarpí.

Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og MPEG4 Spilar CD, CD-R/RW og JPEG

TILBOÐ ▶ 59.990

FULLT VERÐ kr. 89.990

12 og 220V



1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hjónsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Helliðsandi, Skipavík, Stykkishólmi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi, Samkaup, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsnæðing, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kauptún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Faskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fosshaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

120 1886
2006

Spennandi tímar í efnahagsmálum

- staðan hér heima og alþjóðastrumar

Hagspá fyrir árin 2007 – 2010

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar á morgun, þriðjudaginn **5. júní 2007**, á Hótel Nordica frá kl. 8:30–10:00. Á fundinum kynnr Greiningardeild Landsbankans nýja hagspá fyrir árin 2007 – 2010.

- Af hverju er krónan svona sterk?
- Hvað felst í viðskiptahallanum?
- Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn?
- Hver eru brýnustu verkefni hagstjórnar?

Í lokin verða fyrirspurnir og umræður.

Dagskrá:

- 8:30 **Sigurjón Þ. Árnason**, bankastjóri, setur fundinn.
- 8:40 **Björn Rúnar Guðmundsson**, forstöðumaður Greiningardeildar og **Lúðvík Elfsson**, sérfræðingur, fjalla um sýn deildarinnar á þróun efnahagsmála.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:15.

Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Skráning fer fram á www.landsbanki.is



Landsbankinn

Flugsaga Icelandair Group spannar nú 70 ár:

Gáfu safni flugvél

AFMÆLI Flugsafninu á Akureyri áskotnaðist skammtileg viðbót í gær, þegar það fékk Stinson Reliant flugvél í gjöf frá Icelandair Group og sjö milljóna króna rekstrarstyrk að auki.

Tílefnið er 70 ára afmæli Icelandair Group, sem kallaðist upphaflega Flugfélag Akureyrar og hafði aðsetur fyrir norðan, áður en það flutti til Reykjavíkur og varð Flugfélag Íslands. Það hét síðan Flugleiðir um tíma þegar það var sameinað Loftleiðum, áður en nafninu var endanlega breytt í Icelandair Group.

Þess má geta að flugvél af gerð-



AKUREYRI Icelandair Group gaf Flugsafninu á Akureyri rausnarlega gjöf.

inni Stinson Reliant kom fyrst hingað til lands árið 1944. -rve



STÖÐVA HVALVEIÐAR Samtökin Sea Shephard hafa barist gegn hvalveiðum Japana í Suðurrhöfum undanfarin ár en eru nú á leið til Íslands með það að markmiði að stöðva hvalveiðar Íslendinga.

MYND/SEA SHEPHERD

Í startholum út af Watson

Greiningardeild ríkislögreglustjóra undirbýr nú komu Sea Shephard hingað til lands í samvinnu við Landhelgisgæsluna. Þurfum að vernda sjómenn fyrir árásum segir aðstoðarríkislögreglustjóri.

LÖGGÆSLA Greiningardeild ríkislögreglustjóra undirbýr nú í samvinnu við Landhelgisgæsluna komu Pauls Watson og samtaka hans, Sea Shephard, hingað til lands. Samtökin segja að von sé á skipi þeirra í júnímánuði, og markmiðið með komunni sé að stöðva hvalveiðar Íslendinga.

„Við þurfum að vernda okkar sjómenn fyrir árásum af hálfu Sea Shephard. Það er ætlast til þess, þetta er það sem skattþeningar þeirra fara í, að tryggja að þeir geti stundað sína löglegu atvinnu án þess að hafa áhyggjur af því að verða fyrir árásum,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri.

Þrátt fyrir að Sea Shephard eða þeir einstaklingar sem koma á vegum samtakanna hafi ekki brotið af sér hér á landi, og séu raunar ekki einu sinni komnir hingað til lands, liggur fyrir rökstuddur grunur um að þeir hyggist brjóta af sér, og það er nægileg ástæða fyrir greiningardeildina að rannsaka hópinn.

„Við erum að tala um aðila sem hefur brotið af sér hér áður, hefur lýst því yfir að hann ætli að brjóta hér af sér aftur, og hefur verið að brjóta af sér á sams konar hátt annars staðar í heiminum. Ef þetta er ekki rökstuddur grunur um afbrot veit ég ekki hvað það

er,“ segir Sigríður.

Hún bendir hins vegar á að ef einhver óþekkt náttúruverndarsamtök kæmu með svipaðar yfirlýsingar yrði það ekki tilefni til rannsóknar. Öllu máli skipti að liðsmenn Sea Shephard séu þekktir fyrir að brjóta lögin, og ástæða sé til að ætla að þeir ætli sér að brjóta lögin hér á landi.

Starfsmenn greiningardeildarinnar vinna með starfsmönnum Landhelgisgæslunnar að því að meta aðferðir Sea Shephard, og hvaða hættu geti stafað af þeim.

Ásgeir Karlsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn og daglegur stjórnandi greiningardeildarinnar, bendir til að mynda á að samtökin séu þekkt fyrir að sigla á eða í veg fyrir hvalveiðibáta, og slíkt geti reynst afar hættulegt, sér í lagi fyrir litla hrefnuveiðibáta. Einnig hafi samtökin hent ýmsum efnum, þar á meðal síru á hvalveiðiskip Japana í Suðurrhöfum.

Ásgeir segir að í tilviki sem þessu safni greiningardeildin saman upplýsingum um það hvað samtökin hafi gert áður, þær aðferðir sem þau hafi beitt hingað til, og hversu mikil hættu sé á ferðum.

Greiningardeildin mun einnig vinna með útlendingstofnun komi til þess að erlendum ríkisborgurum verði vísað úr landi vegna aðgerða Sea Shephard.

brjann@frettabladid.is / sjá síðu 14

TÍMAMÓTABÍLL Á BETRA VERÐI!

Fyrsti bíllinn í Evrópu með sjö ára ábyrgð



KIA cee'd Crdi dísil 115 hestöfl

2.090.000 kr.

Verð áður 2.345.000 kr.

Vegna hagstæðra samninga við verksmiðjur KIA í Evrópu getum við boðið hinn nýja KIA cee'd með öflugri dísilvél á aðeins 2.090.000 kr.

KIA cee'd er fyrsti bíllinn í Evrópu sem er boðinn með sjö ára ábyrgð. Þessi staðreynd undirstrikar hvers vegna KIA er sá bílaframleiðandi sem er í hvað mestum vexti í heiminum í dag. Glæsileg hönnun, gæði og hagkvæmni.

Komdu og prófaðu einn athyglisverðasta fólksbílinn á markaðnum í dag.



Nýr KIA cee'd | Responds to your life

* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í atfrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins. Þetta á við um KIA cee'd í öllum EB löndum (auk Noregs, Sviss, Íslands og Gibraltar).

Ríkulegur staðalbúnaður:

- álfelgur
- USB-tengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftpúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspilari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva



Smart og létt á fæti heilsteipt glös á tilboðsverði

Á tilboði í
júni 2007
heilsteipt rauðvínsglös,
hvítvínsglös, björglös,
kampavínsglös og
sérríglös

Pórunn Helga Kristjánsdóttir,
sólumaður hjá RV



1.925 kr.

12 stk.

Imperial 42 cl rauðvínsglös



854 kr.

6 stk.

Maldive 36 cl björglös



1.341 kr.

12 stk.

Imperial 19 cl hvítvínsglös



1.579 kr.

12 stk.

Imperial 23 cl hvítvínsglös



1.757 kr.

12 stk.

Imperial 31 cl hvítvínsglös

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Tilboðið gildir út júní 2007
eða meðan birgðir endast.



SAMKEPPNISHINDRANIR

Málfundur um myndun samkeppnishindrana á markaði
og aðgerðir til að ryðja þeim úr vegi.

Þriðjudaginn 5. júní í Háskólanum í Reykjavík

8:45 – 09:00

Boðið upp á kaffi.

9:00 – 9.45

Sjónarmið um samkeppnislöggjöf í Bandaríkjunum
í fortíð og framtíð

Todd J. Zywicki prófessor í lögum við George Mason
háskóla í Virginíu og fyrrverandi forstöðumaður
stefnumótunarskrifstofu Federal Trade Commission
í Bandaríkjunum.

9.45 – 10.15

Hætta á myndun samkeppnishindrana: helstu áhrifaþættir

Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur
og rekstrarráðgjafi hjá Sjónarrönd ehf.

Kaffihlé

10.30 – 10.50

Samkeppniseftirlitið og hið opinbera

Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

10.50 – 11.30

Pallborðsumræður

Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins.
Guðrún Johnsen lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.
Birgir Þór Runólfsson dósent við viðskipta-
og hagfræðideild Háskóla Íslands.
Ari Edwald forstjóri 365 hf.
Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri
Alþýðusambands Íslands.

Fundarstjóri: Heimir Örn Herbertsson hrl. hjá LEX,
aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Skráning sendist til birgir@rse.is
Nánari upplýsingar á www.rse.is
Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

RSE

Skólameistari MS telur skort á forfallakennurum:

Reynslufólk í forföll

FRAMHALDSSKÓLAR Ekki er gert ráð fyrir því að framhaldsskólar haldi úti forfallakennslu þegar um skammvinn veikindi eða fjarvistir kennara er að ræða. Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, MS, telur skort á fé til að ráða forfallakennslu það alvarlegasta í rekstrinum.



MÁR
VILHJÁLMSOON

„Það sárvarntar hér á landi viðurkenningu á því að full þörf sé á að hafa afleysinga-

kerfi þegar um veikindi eða forföll kennara er að ræða. Í nágrannalöndum okkar þykir þetta sjálfsögð þjónusta við nemendur. Ég met það svo að það að koma á afleysingakerfi í kennslu sé einfaldasta, fljótlegasta og ef til vill ódýrasta leiðin til þess að draga úr brottfalli í íslensku skólakerfi,” segir hann.

Már hefur gengið frá ráðningu á forfallakennara fyrir næsta vetur. „Þetta er reynslubolti sem getur gert margt. Ef þetta ætti að vera almennilegt þá þyrfti ég að vera með þrjá forfallakennara. En ég get ekki byrjað með svo marga kennara. Ég hef ekki fjármagn í það,” segir hann.

- ghs



MÓTMÆLENDUR Í ROSTOCK Tugir þúsunda mótmælenda hafa lagt mikla vinnu í undirbúning mótmælaaðgerðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stefnir í fund harðra átaka

Fjölmenntómæli og harðar deilur ætla að setja svip sinn á G8-fundinn í Þýskalandi í vikunni. Hundruð manna slösuðust um helgina.

ÞÝSKALAND, AP Þýsk stjórnvöld hafa lokað nánast öllum leiðum til bæjarins Heiligendamm í Þýskalandi, þar sem þriggja daga leiðtogafundur G8-ríkjanna hefst á miðvikudag. Lögreglan lenti í hörðum átökum á laugardaginn við mótmælendur í Rostock, sem er skammt frá Heiligendamm.

Þýska lögreglan segir að meira en 400 lögreglumenn hafi slasast í þeim átökum, og 30 þeirra hafi verið fluttir á sjúkrahús með beinbrot. Skipuleggjendur mótmælanna segja að 520 mótmælendur hafi hlotið meiðsl, og þar af séu 20 alvarlega slasaðir. Tugir manna voru handteknir.

Búið er við fjölmennum mótmælum næstu daga og óttast er að til frekari átaka komi.

Mótmælaaðgerðirnar á laugardaginn hófust rólega, en þegar líða tók á daginn jókst ofbeldið. Skipuleggjendur mótmælanna segja að um 80 þúsund manns hafi tekið þátt í þeim, en þýsk stjórnvöld telja þátttakendurna hafa verið 25 þúsund.

Flestir þeirra mótmæltu þó með friðsamlegum hætti, en það var um tvö þúsund manna hópur sem stóð að átökunum og kastaði meðal annars grjóti og flöskum í lögregluþjóna. Lögreglan svaraði með táragsi og þrýstivatns-slögum og tókst á endanum að einangra þennan hóp ofbeldis-

manna frá hinum mótmælendum.

Allt stefnir í harðar deilur um umhverfismál á leiðtogafundinum, þar sem saman verða komnir leiðtogar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Ítalíu, Japans, Kanada, Rússlands og Þýskalands.

Angela Merkel Þýskalandskanslari leggur mikla áherslu á að leiðtogar þessara átta stærstu iðnríkja heims nái samkomulagi um hvað gera skuli þegar ákvæði Kyoto-bókunarinnar renna út árið 2012. Ekkert bendir þó til þess að samkomulag takist.

Bandaríkjamenn hafa hingað til ekki viljað skuldbinda sig í þessum efnum, en nú fyrir helgi kom George W. Bush Bandaríkjaforseti með málamiðunartillögu, sem felur í sér að þau fimmtán ríki, sem talin eru menga mest, reyni að ná samkomulagi án þess að Sameinuðu þjóðirnar komi þar nærri. Hans hugmynd er sú að ríkin fimmtán setji sér sameiginleg markmið, en síðan verði hverju ríki frjálst að finna sínar eigin leiðir til að ná sínu markmiði.

Merkel segir að í sínum huga komi málamiðun af þessu tagi ekki til greina: „Ef Bandaríkin gera ekkert, þá biða hinir átakta,” segir hún í nýjasta hefti tímaritsins Spiegel. gudsteinn@frettabladid.is



Verði ljós

Seltjarnarnes hefur nú verið ljósleiðaravætt að fullu, fyrst bæjarfélaga í heiminum.

Vodafone býður viðskiptavinum sínum að tengja allt sitt gegnum ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur; síma, internet og sjónvarp.

Komdu í næstu Vodafone verslun, smelltu þér á www.vodafone.is eða hringdu í 1414 til að fá nánari upplýsingar.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

VoltarenDolo®

Diklófenak-k 12,5 mg

Fljótvirkt, bólgueyðandi verkjalyf



Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúðoma, vöðvverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lífrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafraeðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Fæst án lyfseðils

www.lyfja.is



- Lífið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njótum



VÍNBÚÐIN HOLTAGÖRÐUM
LOKAR

Vínbúðin í Holtagörðum lokar þann 4. júní næstkomandi vegna framkvæmda og breytinga á húsnæði.

Ný vínúð verður opnuð um miðjan júní í Skeifunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Flogið milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar:

Mikil lyftistöng

SAMGÖNGUR Iceland Express hóf fyrsta áætlunarflug sitt milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar á föstudag. Fyrsta vélin frá Kaupmannahöfn lenti á Egilsstaðaflugvelli á níunda tímanum en vel var tekið á móti farþegunum. Lagt var aftur af stað frá Egilsstöðum til Kaupmannahafnar klukkan níu en fullbókað var í fyrsta flugið út. Flogið verður tvisvar í viku í sumar, á þriðjudögum og föstudögum.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, opnaði flugleiðina milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar formlega í gær. „Það hefur verið keppikefli Iceland Express



ICELAND EXPRESS BOÐIÐ VELKOMIÐ
Bæjarstjórinn færir forstjóranum blóm.

frá upphafi að gera öllum Íslendingum fært að ferðast til útlanda óháð efnahag og búsetu,“ segir hann.

- lbb

LAUN Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI

Ársbreyting launa eftir starfsstétt á fyrsta ársfjórðungi 2007

Verkaþólk	13,1
Skrifstofufólk	12,8
Afgreiðslufólk o.fl.	12,2
Alls	11,7
Tæknar o.fl.	11,6
Sérfræðingar	11,3
Stjórnendur	10,4
Iðnaðarmenn	9,8

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

Hætta á mis miklu launaskriði hópa

Verulegt launaskrið hefur átt sér stað undanfarið ár að mati framkvæmdastjóra ASÍ og hætta á mismunum. Launaskriðið er fyrst og fremst í sérfræðigeiranum, að mati forstöðumanns hjá SA.

VINNUMARKAÐUR Vísitala launa hefur hækkað um ellefu prósent á undanförunni ári. Á þessu tímabili hefur vísitala launa á almennum vinnumarkaði hækkað um



EKKI SJÁLFGEFIÐ „Það er ekki sjálfgefið að allir standi jafnir,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

umfram umsamdar hækkanir.

„Það er ekki sjálfgefið að allir standi jafnir þegar launaskriði á sér stað. Við höfum ekki séð sundurliðun en í tengslum við undirbúning kjarasamninga munu hóparnir vafalaust skoda sína stöðu og bera sig saman við launaþróunina. Það er alltaf hættan við launaskriði að launaþróunin verði mismunandi og ekki sjálfgefið að fólk sætti sig við það.“

Vísitala launa er 118,6 stig á fyrsta ársfjórðungi 2007 og hækkaði um 4,1 prósent frá síðasta ársfjórðungi 2006. Á sama tímabili hækkaði vísitala launa á almennum vinnumarkaði um 4,2 prósent. Mest hækkuðu laun í fjármálageiranum eða um 6,5 prósent en minnst í iðnaði, eða um 3,4 prósent. Vísitala launa opinberra starfsmanna hækkaði um 3,7 prósent. Regluleg laun

skrifstofufólks hækkuðu um 5,9 prósent en minnst hjá verkaþólki, um 3,3 prósent.

Gunnar Axel Axelsson, starfsmaður Hagstofunnar, bendir á að hækkin hjá fólki í fjármálaþjónustu skýrist að miklu leyti með öðruvísi samningum bankamanna. Kjarsamningar á almennum vinnumarkaði hafi kveðið á um 2,9-3,65 prósent hækkingun launataxta frá 1. janúar síðastliðnum en í hækkingu vísitölunnar gæti áhrifa samkomulags bankamanna og Samtaka atvinnulífsins sem hljóðuðu upp á sérstakar taxtahækkanir frá síðustu áramótum til samræmis við hliðstæðar hækkanir á almennum vinnumarkaði.


„Við höfum á tilfinningunni að hér sé launaskrið og þá fyrst og fremst í sérfræðigeiranum þar sem eftirspurn er eftir hæfu og vel menntuðu fólki til starfa. Okkur hefur fundist sem erfitt væri að fá atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga,“ segir Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA.



VANTAR ERLENDA SÉRFRÆÐINGA

„Okkur hefur fundist sem erfitt væri að fá atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga,“ segir Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA.

ghs@frettabladid.is



reddot design award

Gorenje þvottavélar

Fyrir íslensk heimili



1200 snúninga 5 kg:	54.900.-
1200 snúninga 6 kg:	67.900.-
1400 snúninga 6 kg:	72.900.-
1600 snúninga 6 kg:	79.900.-
1600 snúninga 7 kg:	109.900.-

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70083

REYKJAVÍK
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800


REYÐARFJÖRÐUR
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

Svona erum við

>Hlutfall kvenna af starfsmönnum í opinberri stjórnsýslu.



baksvið

fréttir og fréðleikur

FBL-GREINING: ÞRÁÐLAUST NET

Þráðlausu neti læst fyrir óboðnum gestum

Vinsældir þráðlausra nettenginga hafa aukist gríðarlega undanfarið ár. Hægt er að tengjast netinu án snúru á öðru hverju heimili og í fjölda fyrirtækja og stofnana. Læsingar á þráðlausum netum hafa verið í umræðunni að undanfögnu, enda erfitt að loka fyrir aðgang á gögnum sem ferðast um loftið.

Hvernig virkar þráðlaust net?

Þráðlaust net notar útværþyngjur af ákveðinni tíðni, í þessu tilfalli 2,4 gígarið, til þess að senda og taka á móti gögnum. Þetta er sama tíðni og örþyngjuofnar, þráðlausir símar og Bluetooth-tæki nota, sem getur stundum valdið vandræðum þegar tækin berjast um sömu tíðni. Það gerist þó aðeins í undantekningartilfellum.

Hvernig get ég læst þráðlausu neti?

Algengasta leiðin til að læsa þráðlausu neti fyrir óviðkomandi er að nota svokallaðan WEP-lykil. Þá þurfa

allir sem vilja komast á netið að slá inn lykilorð, ellegar fá þeir ekki aðgang að netinu. Lykilorðið er yfirleitt skrifað neðan á þráðlausa beininn sem fylgir nettengingunni.

Er netið þá alveg læst?

Nei. Þrátt fyrir að vera vinsælasta aðferðin er WEP úrelt leið til að læsa þráðlausu neti. Hver sem hefur grunnkunnáttu á tölvur og kann að fara eftir leiðbeiningum á netinu getur fundið WEP-lykilorð á nokkrum mínútum og komist óboðinn inn á þráðlaust net.

Hvað er þá til ráða?

Margar aðrar leiðir eru til þess að læsa þráðlausu neti. Ein leið er að takmarka aðgang við ákveðnar tölvur. Þá er tilgreindur listi yfir þær tölvur sem mega fara á þráðlausa netið, og aðrar fá ekki aðgang. Tölvurnar eru auðkenndar með svokallaðri MAC-tölu, sem er einstök fyrir hverja tölvu. Læsingaraðferðin WPA er einnig í boði, en henni svipar til WEP. Munurinn er að lykilorðið er flóknara og því nánast ómögulegt að finna það á styttri tíma en mörgum árum.



SPURT & SVAR

YFIRFERÐ SAMRÆMDRA PRÓFA

Á þriðja tug þúsunda prófa

Búið er að fara yfir samræmd próf nemenda í tíunda bekk grunnskóla og senda skólum niðurstöður. Sigurgrímur Skúlason er sviðstjóri hjá Námsmatsstofnun.



SIGURGRÍMUR SKÚLASON
Sviðsstjóri

Hverjir fara yfir samræmdu prófin?

Við auglýsum eftir kennurum til að fara yfir prófin og ráðum þá til þess. Skilyrðin eru að kennararnir hafi kennt viðkomandi fag. Mest eru þetta grunnskólakennarar, en einnig framhaldsskólakennarar.

Hversu langan tíma tekur yfirferðin? Við klárum að fara yfir á þriðja tug þúsunda prófa á tveimur til þremur vikum. Við höfum 24 daga samkvæmt reglugerð, en á þeim dögum þarf einnig að staðfesta að öll próf hafi borist, skanna inn niðurstöður og fleira.

Hvernig getur fólk fengið að sjá prófin yfirfarin? Það er hægt að sækja eyðublöð á vefsíðu Námsmatsstofnunar þar sem sótt er um að sjá prófin. Foreldrar þurfa að staðfesta umsóknina líka, en ekkert kostar að fá að sjá þau.

Lögreglan rýnir inn í framtíðina

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur í augum sumra á sér dularfullan blæ, og einhverjir sjá fyrir sér starfsemi svipaða þeirri sem stunduð er hjá erlendum leyniþjónustum á borð við CIA og MI6. Enda hefur deildin sína eigin skammstöfun, NSU, sem stendur fyrir enska heiti deildarinnar, National Security Unit.

Það blasir þó strax við tvenns konar grundvallarmunur á starfsemi greiningardeildarinnar og erlendra leyniþjónusta. Í fyrsta lagi hefur greiningardeildin ekki heimild til rannsókna nema rökstuddur grunur um yfirvofandi afbrot eða hættu sé fyrir hendi. Í öðru lagi var lítið mál að fá viðtal við tvo yfirmenn deildarinnar, sem er ekki jafn auðsött hjá kollegum þeirra hjá MI6 og CIA.

Erlendar öryggis- og leyniþjónustur hafa yfirleitt heimild til þess að stunda forvirkar rannsóknaraðgerðir, til að mynda að safna upplýsingum um ýmiskonar fólk og samtök án þess í raun að sýna fram á nokkra ákveðna ástæðu fyrir söfnun á upplýsingunum. Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur ekki slíkar heimildir, enda er



YFIRSYN YFIR SVIÐIÐ ALLT „Greiningardeildin er viðbót við það góða starf sem hefur verið unnið hjá lögreglunni hingað til,” segir Ásgeir Karlsson, daglegur stjórnandi deildarinnar, og undir það tekur Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögreglustjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Súpersól til Búlgaríu

11. og 18. júní

frá kr. 44.990

Allra síðustu sætin

Allra síðustu sætin. Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugetu næturlíf. Þú þókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 44.990

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbyli með morgunverði í viku. Aukavika kr. 15.000.



Skógarhlíð 16 - 105 Reykjavík - sími 591 9000
Akureyri - sími 461 1099 • Hálsarhlíð - sími 510 9500
www.terrannova.is

þar um að ræða deild hjá Ríkislögreglustjóra sem rannsakar mál eftir sömu reglum og aðrar deildir lögreglunnar, segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarríkislögreglustjóri, og yfirmaður deildarinnar.

Það er frekar aðferðafræðin og hugsunin á bak við rannsóknir greiningardeildarinnar sem skilja hana frá öðrum deildum lögreglunnar. Henni er ætlað að hafa yfirsýn yfir sviðið allt, í stað þess að einbeita sér að ákveðnu umdæmi eða ákveðnum brotaflokkum. Eftir sem áður verða starfsmenn hennar að hafa rökstuddan grun um að afbrot hafi verið framið, eða sé í undirbúningi, til að hefja rannsókn.

„Greiningardeildin er viðbót við það góða starf sem hefur verið unnið hjá lögreglunni hingað til,” segir Ásgeir Karlsson aðstoðaryfirlögregluþjónni og daglegur stjórnandi deildarinnar. Sigríður tekur undir það, og segir að greiningardeild þjóni svipuðu hlutverki fyrir ríkislögreglustjóra og greiningardeildir bankanna geri fyrir bankana og viðskiptalífið. „Greiningardeildin reynir að rýna inn í framtíðina, sjá möguleika og tækifæri. Þúsla saman allri myndinni,” segir Sigríður.

Starfsemi greiningardeildarinnar er þrenns konar. Í fyrsta lagi stefnumiðað greining, að horfa yfir sviðið og meta mögulegar ógnir gagnvart landinu, til að mynda vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi. Sam-

LÖGREGLUDEILD EKKI LEYNIÞJÓNUSTA

Greiningardeild ríkislögreglustjóra er ekki fjölmenn deild, þar eru aðeins sex starfsmenn. Innan deildarinnar eru bæði reynslumiklir lögreglumenn og sérfræðingar á öðrum sviðum, til að mynda mannfræðingur. Þótt deildin sé í grunninn ekki fjölmenn getur hún fengið til samstarfs við sig lögreglu og Landhelg-

isgæslu, allt eftir því hver þörfin er hverju sinni, segir Ásgeir Karlsson, daglegur stjórnandi deildarinnar. „Þetta er eins og regnhlíf, þó það séu ekki margir í deildinni geta margir komið þar að. Þetta er lögreglurannsóknardeild en ekki leyniþjónusta,” segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarríkislögreglustjóri.

kvæmt nýlegri skýrslu Europol um hryðjuverk voru samtals 498 hryðjuverk framin í ellefu Evrópulöndum árið 2006, og 706 grunaðir hryðjuverkamenn handteknir í Evrópu.

Sigríður bendir á að þó hættan af hryðjuverkum hér á landi sé talin lítil eins og staðan er í dag, viti menn að skipulögð glæpastarfsemi teygir anga sína hingað til lands. Og þó ekki séu miklar líkur á að hryðjuverk verði framin hérlendis, gæti til dæmis eftirlýstur hryðjuverkamaður reynt að fela sig fyrir erlendum löggæslufirvöldum hér á landi.

Annar þátturinn í starfsemi greiningardeildarinnar eru aðgerðamiðaðar greiningar, þar sem brugðist er við ákveðnu ástandi. Ásgeir bendir á nýlegar lögregluáðgerðir á Suðurnesjunum, sem beindust gegn fíkniefnasölum, sem dæmi um aðgerð sem skipulögð var af greiningardeild-

inni, þó mannskapur frá öðrum deildum lögreglu hafi unnið að handtökum og húsleitum. Greiningardeildin þjóni þannig öðrum deildum með því að afla upplýsinga og samræma aðgerðir.

Þriðja verkefni greiningardeildarinnar er að sjá um bakgrunnsrannsóknir. Þar er reynt að tryggja að þeim sem vinna við nauðsynlega innviði samfélagsins, svo sem á öryggissvæðum flugvalla og hafna, sé tryggandi til starfans. Slíkar athugningar eru einnig gerðar vegna starfsmanna ráðuneyta erlendis, og í fleiri tilvikum þar sem öryggisvottunar er krafist. Slíkar bakgrunnsrannsóknir eru ekki unnar nema viðkomandi starfsmaður hafi veitt samþykki sitt.



FRÉTTASKÝRING

BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

Opnum eftir miklar breytingar

Glæsileg opnunartilboð

Opið alla
laugardaga
í sumar
frá kl.
11-16

Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gaff

Opnunartilboð kr. 309.900,-

Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum



Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval



SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Queen botn • Queen gaff og lappir

Opnunartilboð kr. 129.900,-



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Setja þarf ný lagaleg ákvæði um húsaveirnd á nýrri öld.

Válisti elstu húsa í gömlu Reykjavík

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Válistinn sem Torfusamtökin birtu í liðinni viku um 101 hús í pósthverfinu 101 sem eru í „fallhættu“ er mikilvægt menningarsögulegt plagg.

Ekki í þeim skilningi vonum við að eftir tíu ár megi draga hann upp og sjá að samtökin hafi reynst forspá og stærstur hluti húsa verði horfinn, heldur er listinn áminning, alvarleg áminning til borgarstjórnar Reykjavíkur, borgarbúa og Alþingis að þörf er á snörpum viðbrögðum til varnar eldri húsum í borginni, raunar á landinu öllu.

Válistinn leiðir líka í ljós að flest húsa sem eru í hættu hafa verið skemmd af eigendum sínum á liðnum áratugum með blessun yfirvalda í Reykjavík. Upphaflegt snið þeirra vanvirt af dæmafáu smekkleysi, troðið á þau kvistum og viðbyggingum, gluggasvæði glennt upp og á þau lögð nútímaleg klæðning sem hæfir þeim ekki.

Flest eru þetta einlyft hús, sum tvílyft. Þeirra á meðal eru steinbæirnir sem eru fáir orðnir eftir. Þetta eru lítil íbúðarhús sem voru tekin undir aðra starfsemi og hafa mörg drabbast niður í ranglátu skattaumhverfi bæjar og ríkis. Feigðin situr um húsin: flest eru lent í höndum lóðabráskara sem ætla sér í ljósi fenginnar reynslu að reisa þar hús til íbúðar og rekstrar út í lóðamörk smárra skika og eins hátt og komist verður eins og nýleg dæmi sanna.

Formaður skipulagsráðs hefur borið blak af verkþökum. Einn virtasti arkitekt landsins óskaði þess nýlega að mætti hún ráða einn dag sendi hún lóðabráskara miðborgarinnar á námskeið í fagurfræði byggingarlistar. Sjálfstæðisflokknum í borgarstjórn og menntamálaráðuneyti gefst nú sögulegt tækifæri til að koma til bjargar elstu húsum borgarinnar sem hann hefur löngum þakkað sér uppbygginguna á. Víst væri hægt að taka saman sorglegan lista um merkileg og vel byggð hús sem settu svip á borgina á fyrri hluta síðustu aldar og hurfu fyrir öðrum í valdatíð flokksins og annarra flokka. Svona til áminningar ráðamönnum okkar daga.

Víða um land er verið að byggja upp gömul hús: í gær var Edinborgarhúsið á Ísafirði tekið í notkun á ný. Enginn vildi vera án þess nú. Nýlega voru lagðar fram áætlanir um endurbyggingu Vesturbúðarinnar á Eyrarbakka sem var rifin illu heilli fyrir sextú árum, í Grindavík, Borgarnesi og víðar um land eru menn að átta sig og bjarga eldri húsum frá tortímingu.

Nú er kominn tími til að Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík sýni sitt rétta andlit og verndi borgaraleg merki um borgina sína af fíhaldsemi í besta skilningi orðsins. Og því samfara verður að endurskoða snögglega lög um húsaveirnd – færa verndunarmörk til 1960 og gera ferli verndar og ábyrgðar eigenda ljóst. Elstu hús má nýta sem önnur. Þau eru ekki dras, frekar en gömul handrit, skjöl, myndverk eða mynt. Þau eru óbætanleg verðmæti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FINNDU ÚT HVAD **BLUETOOTH** GETUR GERT FYRIR ÞIG



VERÐ FRÁ KR. 2.990

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

Farsímalagerinn.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gagnleg ábending

Hún er gagnleg ábendingin sem höfundur Staksteina setti fram í Morgunblaðinu í gær. Þar er rífuð upp frásögn Economist af aðalfundi bandarísks fyrirtækis. „Forstjórinn svarði ekki spurningum, stórar klukkur á veggjum fundarsalar voru notaðar til þess að koma í veg fyrir að fundarmenn töluðu of mikið og fundinum lauk á 40 mínútum.“ Litlu hluthafanir þrýstu á afsögn forstjórans sem varð og á næsta fundi var spurningum svarað. „Hvenær hefjist hluthafar á Íslandi handa?“ spyr Staksteinahöfundur.



Deilt á eiganda

Þessi ábending beið meðal annars að aðaleiganda Árvakurs, sem gefur út Morgunblaðið. Björgólfur Guðmundsson er langstærsti hluthafinn í Árvakri í gegnum Ólafsfell. Hann er líka einn stærsti eigandi Straums-Burðarás í gegnum Samson Global Holdings. Í júlí á síðasta ári var haldinn hluthafafundur í Straumi-Burðarási. Þar ætlaði Víglundur Þorsteinsson að leggja fyrirspurn fyrir fráfaranði stjórn bankans. Það fékk hann ekki og Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður bankans, lauk máli sínu án þess að

Víglundur og aðrir hluthafar komust að. Svona vinnubrögð eru höfundur Staksteina ekki að skapi. Litlu hluthafarnir skipta líka máli.

Ný Framsókn

Björn Ingi Hrafnsson boðaði róttækar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu í ræðu sinni á sjómannaþinginu í gær. Útgerðarmenn myndu segja að hann boðaði eignaupp-töku aflaheimilda. Það er þá af sem áður var þegar Framsókn stóð vörð um núverandi kerfi fiskveiðistjórnunar.



bjorgvin@frettabladid.is

Sundurlyndisfjandinn í stjórnarandstöðu

Sundurlyndi og gagnkvæmar Árásir settu mark sitt á fyrstu skref flokkanna sem nú mynda nýja stjórnarandstöðu. Þetta var það sem upp úr stóð í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi. Heiðarleg undantekning var þó Frjálslyndi flokkurinn. Hann lifði af klofning í sínum röðum, hefur dregið málefnalegar markalínur milli sín og nýrrar ríkisstjórnar, og ró hinna vestfirsku heiða einkennir formann hans. Í umræðunum kom glögt fram að í uppsiglingu eru átök milli VG og Framsóknar. Þau munu í senn snúast bæði um forystu í stjórnarandstöðu en einnig um fylgi þeirra sem ekki styðja ríkisstjórnina. Guðni Ágústsson notaði sína fyrstu ræðu á Alþingi sem nýr formaður Framsóknar til að ráðast að formanni VG, hæða hann nóturlega, og dró skörp skil á milli Framsóknar og VG.



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

Í DAG | Stjórnarandsstaða

fyrir hönd Framsóknar tók mjög afdráttarlausa afstöðu gegn Evrópu, og túlkaði texta stefnuyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar með eftirfarandi hætti: „Það sem hins vegar vekur mesta athygli nú er að Sjálfstæðisflokkurinn er að snúast Evrópusambandinu á hönd. Það sem ekki var á dagskrá í gær heitir í dag opin ská umræða um Evrópumál... Spurningin er hvort Evrópusýn Samfylkingarinnar verði hin nýja sólarvísun Sjálfstæðisflokksins. Ég á mér ekki þann draum.“ Mér er mjög til efs að þessi nýja og harkalega afstaða Framsóknar til Evrópu verði flokknum til gæfu. Hún mun torvela Framsókn að ná fótfestu aftur á höfuðborgarsvæðinu á tímum sem líklega verða mun jákvæðari í garð Evrópu en áður.

Guðni hefur greinilega sett stefnuna á að ná aftur af VG því fylgi sem Framsókn hafði tapað þangað. Í ræðunni flutti hann Framsókn langt út á vinstri kantinn – í beina samkeppni við VG. Að líkindum er þetta fljótlegasta leið Framsóknar til að bæta við

sig fylgi. Í því ljósi er ákvörðun Guðna um vinstri snúning ekki vitlaus. Hún mun hins vegar leiða til harðra átaka við VG.

Kreppa VG

Kreppa VG er margbrotnari en erfið staða Framsóknar. Hún speglast í tvennu. VG, sem fór með himinskautum í könnunum fyrir kosningar, tapaði að lokum kosningabaráttunni með því að þynna út sterkar umhverfis- og stóriðjuáherslur. Svör Steingríms J. Sigfússonar um afstöðuna til Helguvíkur – færri flokkurinn í stjórn – voru til marks um það. Mestu skiptir þó fyrir stöðu VG að formaður flokksins klúðraði tækifæri lífs síns til að mynda frjálslynda velferðarstjórn með Framsókn undir forystu Samfylkingarinnar. Hann lét gleppast af fagurgala Morgunblaðsins og öll þjóðin sá hann í beinni útsendingu hafna vinstri stjórn – af því hann ætlaði sér líkt og í Reykjavík forðum að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Steingrímur heyrir hverjum klukkan glymur. Ræðu hans við umræður um stefnu ríkisstjórnarinnar var ekki beint til þjóðarinnar heldur flutt kjósendakjarna VG. Hún var í senn harmagrátur og persónuleg varnarræða vegna fingurbjótanna í kjölfar kosninga og flutt til að verja stöðu hans sem formanns. Harna-gráturinn varð nýjum formanni Framsóknar að yrkisefni. Guðni Ágústsson átti setningu kvöldsins þegar hann tók saman ræðu formanns VG í þremur orðum: „Enn grætur hann.“

Pólitík í strætó

UMRÆÐAN

Almenningssamgöngur

Pólitísk umræða um Strætó bs. er oftast ekki á villigötum. Stjórnendur og starfsmenn fá ekki stundarfrið frá kjörnum fulltrúum sem hafa ekki fundið sér pólitísk ágreiningsefni í of langan tíma. Gagnrýnt er á víxl um of mikinn niðurskurð og ónógan niðurskurð, akstursleiðir, tímatöflu eða rekstrarform. Gagnrýnin endurspeglar oftast en ekki vanþekkingu þess sem gagnrýnir.

Leiðakerfi Strætó hefur farið í of marga kollhnisa undanfarin ár. R-listinn sálugi bylti leiðakerfinu sem leiddi til mikils tapreksturs. Markmið um fjölgun farþega náðist ekki. Á síðasta ári var afkoma félagsins afleitt en félagið tapaði 533 milljónum. Eigið fé var neikvætt í lok árs 2006 um 551 milljón og skuldir voru 1.798 milljónir. Sveitarfélagin lögðu Strætó til 1.595 milljónir króna til rekstursins á síðasta ári en þar af lagði Reykjavíkurborg til 1.117 milljónir. Heildartekjur voru 2.430 milljónir.

Verkefni nýrrar stjórnar er því ekki auðvelt. Ef ekki hefði verið gripið til aðgerða síðastliðað sumrar





ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

hefði tap félagsins 2006 endað í tæpum milljarði. En það er erfiðt að skera niður þegar upplýsingar um nýtingu vagna liggja ekki fyrir. Síðasta sumar lét stjórnin því gera úttekt á rekstrinum. Í kjölfarið var kostnaðarskipting sveitarfélaga breytt til að auka ákvarðanavald þeirra um þjónustu. Að auki var í fyrsta skipti talin mjög nákvæmlega nýting allra vagna, alla tíma dags. Þannig fengust fram lykluupplýsingar um hvernig leiðakerfið er notað. Í ljós kom mjög ólík notkun farþega á leiðakerfinu. Sumir leiðarbutar reyndust

tómir en aðrir troðfullir. Farþegafjöldi einstakra vagna var minnstur 120 farþegar á dag og mestur 3000 á dag. Í kjölfarið var leiðakerfinu breytt til aðlögunar að notendum út frá upplýsingum um notkun og tíðni ferða. Strætó er fyrirtæki sem við höfum öll skoðun á. Það er hugar allra að fleiri taki strætó og að kerfið þjóni vel öllum sveitarfélögum. Það gerist hins vegar ekki með æsingslegum fullyrðingum byggðum á vanþekkingu.

Höfundur er borgarfulltrúi og fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Strætó bs.



Power Up for Tomorrow.



Doosan Infracore
Construction Equipment



www.doosaneurope.com

PÁLL SKÚLASON, HEIMSPEKINGUR OG FYRRVERANDI REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS, FÆDDIST ÞENNAN DAG 1945

„Gagnrýnin er sú hugsun sem fellst ekki á neina skoðun nema hún hafi fyrst rannsakað hvað í henni felst og fundið fullnægjandi rök fyrir henni.“

Páll Skúlason hefur ritað fjölda bóka og flutt erindi um heimspeki og siðfræði.



ÞETTA GERÐIST: 4. JÚNÍ 1989

Morðin á Torgi hins himneska friðar

Á þessum degi árið 1989 fjölmenntu kínverskir hermenn á Torgi hins himneska friðar í Peking og drápu hundruð stúdenta við mótmæli og þúsundir til viðbótar voru handteknar. Sjö vikum áður hófu kínverskir stúdentar mótmæli á Torgi hins himneska friðar og er talið að allt að því milljón manns hafi safnast á torginu þegar mest var. Mótmælendur kröfðust afsagnar leiðtoga Kommúnistaflokksins og lýðræðislegra umbóta á stjórnkerfi landsins. Stjórnvöld gerðu nokkrar misheppnaðar tilraunir til að reka fjöldann á braut áður en herinn lét til skarar skriða. Þó að margir hafi vissulega átt von á að það myndi slá í brýnu milli mótmælenda og hersins kom ofsafengin árásin flestum í opna skjöldu. Mikill glundroði skapaðist þegar tugþúsundir manna reyndu að flýja undan hermönnum. Sumir börðust á móti og grýttu hermennina og



kveiktu í bifreiðum þeirra og skriðdrekum. Erlendir erindrekar á staðnum töldu að að minnsta kosti 300 manns hefðu látið lífið í átökunum og allt að tíu þúsund hefðu verið handteknir. Sennilega verður aldrei endanlega ljóst hversu margir létu lífið þennan dag.

MERKISATBURÐIR

- 1070 Roquefort-ostur er búinn til í fyrsta skipti í helli skammt frá Roquefort í Frakklandi.
- 1913 Súfragettan Emily Davinson kastar sér fyrir veðhlaupahross konungs og lætur lífið.
- 1927 Johnny Weissmüller setur met í hundrað og tvö hundruð metra sundi.
- 1944 Hornsteinn lagður að Sjómannaskólanum.
- 1956 Leyniræða Krústjoffs er gerð opinber.
- 1959 Sjálfsbjörg, landsamband fatlaðra, er stofnuð.
- 1965 Rolling Stones gefur út lagið „Satisfaction“.
- 1977 Hornsteinn er lagður að Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Meistaratign í hestamennsku

Þórarinn Eymundsson, reiðkennari við Háskólann á Hólum, náði þeim merka áfanga á dögunum að hljóta meistaratign sem er æðsti titill Félags tamma-manna. Síðast gerðist það fyrir bráðum tveimur áratugum.

Lokaáfanginn til að ná

meistaratitli er tvíþætt próf. Annars vegar reiðmennskupróf sem er hið raunverulega meistarapróf og hins vegar próf í sýnikennslu sem er reiðkennarapróf A. Þórarinn notaði í prófunum tvö hross, þau Kraft frá Bringu og Þóru frá Prestsbæ, afkvæmi Þoku frá Hólum.



MEISTARI Meistaratign hefur ekki verið veitt í tæpa tvo áratugi.

AFMÆLI



Róbert Douglas kvikmyndaleikstjóri er 34 ára.



Árni Magnússon fyrrverandi félagsmálaráðgjafi er 42 ára.



Sesselja Kristjánsdóttir söngkona er 37 ára.



Stefán Sturla Sigurjónsson leikari er 48 ára.



ÁFANGASTJÓRINN „Við flytjum bara kennslustundirnar hingað heim en getum víst ekki flutt Genfarvatnið hingað eða annað úr umhverfinu í Sviss,“ segir Baldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HÓTELSTJÓRNUN: KENND Í KÓPAVOGI Í FYRSTA SINN

Svissneskur agi í hóteltjórnun

Nú er í fyrsta sinn í sögunni hægt að sækja um nám í hóteltjórnun hér á landi. Það er á vegum Menntaskólans í Kópavogi.

„Þetta er nám á háskólastigi, bæði bóklegt og verklegt og spannar alla þætti hóteltreksturs. Það er kennt í samstarfi við virtan háskóla í Sviss, César Ritz Colleges. Fyrsta árið af þremur verður kennt hér á landi en nemendur ljúka BA-náminu í Sviss. Reyndar er hægt að hætta eftir fyrsta árið og fá þá diplomagráðu.“ Þannig lýsir Baldur Sæmundsson áfangastjóri í MK fyrirkomulagi hins nýja hóteltjórnáms. Hann segir áður hafa verið kennd ýmis fög í MK sem

tengist hóteltrekstri eins og móttökufræði og ferðafræði en þetta sé mun viðameira. Hefur MK kennara í þessum fögum?

„Já, kennarar héðan hafa í vetur farið út til Sviss í þjálfun og til að samræma það sem við erum að gera og það sem þar er gert. Hér á landi er maður sem hefur eftirlit með því að við kennum eftir kröfum César Ritz Colleges sem eru nokkuð strangar, enda þarf svo að vera. Við flytjum bara kennslustundirnar hingað heim en getum víst ekki flutt Genfarvatnið hingað eða annað úr umhverfinu í Sviss.“

Baldur kveðst hafa lært matreiðslu

og framleiðslu hjá Konráði Guðmundssyni á Hótel Sögu og þar hafi verið agi á hlutunum. Agi sé líka það sem Svisslendingar geri út á en hvernig býst hann við að Íslendingum gangi að tileinka sér hann?

„Næstum hundrað Íslendingar hafa sótt nám við þennan svissneska skóla frá 1991 og margir þeirra eru starfandi erlendis. Þeir sem standast kröfurnar ná árangri,“ fullyrðir Baldur. Námsgögn eru öll á ensku og Baldur býst jafnvel við að kennslustundir fari fram á því tungumáli líka. „Við reiknum með að flestir nemendanna fari út og þá þurfa þeir að vera vanir að læra á ensku,“ segir hann. gun@frettabladid.is

Sæmdur franskri orðu

Fríðrik Rafnsson, bókmenntafræðingur og þýðandi, hefur verið sæmdur franskri orðu, Chevalier dans l'Ordre des arts et des lettres, en hún er veitt þeim sem taldir eru hafa unnið ótulllega að því að kynna franska menningu í fjöðurlandi sínu.

Fríðrik stundaði nám í frönsku og bókmenntum í Frakklandi á árunum 1981-1988, fyrst Aix-en-Provence og síðan í París. Þar rannsakaði hann hlutverk leiksins í evrópskum skáldsögum undir leiðsögn rithöfundarins Milans Kundera, sem þá kenndi við háskólann École des Hautes Études en Sciences Sociales, í París.


Frá árinu 1988 hefur Fríðrik unnið að menningarmiðlun í útvarpi, bókaútgáfu og bókmenntaþýðingum, en hefur í auknum mæli unnið að vefmálum síðari ár, fyrst hjá Máli og menningu, síðan hjá Háskóla Íslands

og nú síðast hjá Reykjavíkurborg.

Fríðrik hefur tekið þátt í að fá hingað til lands allmarga fyrirlesara frá Frakklandi, meðal annars með setu í stjórn Bókmenntahátíðar og fyrir hönd Háskóla Íslands, en einnig tók hann nokkurn þátt í skipulagningu frönsku menningarkynningarinnar Pourquoi-Pas sem lauk nú í maí.

Hann hefur talsvert unnið að þýðingum úr frönsku, hefur þýtt allmörg leikrit, smásögur, ritgerðir og skáldsögur.

ORÐUHAFI Fríðrik Rafnsson hefur unnið ótulllega að kynningu á franskri menningu á Íslandi.



†
Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Björg Hraunfjörð Pétursdóttir

Bogatúni 30, Hellu, áður Hlíðarási 1B, Mosfellsbæ,

andaðist á Líknardeildinni í Kópavogi þriðjudaginn 29. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 15.00.

Guðmundur Hrafn Jóhannsson

Baugur Guðmundsson

Gnýr Guðmundsson

Jóhann Guðmundsson

Brá Guðmundsdóttir og barnabörn

Larissa

Anna Lára Pálsdóttir

Katia Simonia Borges Rabelo

Sjónvarpsflakkarar, flakkarar sem hægt er að tengja beint við sjónvarpið og horfa á kvikmyndir, ljósmyndir eða hlusta á tónlist, eru sífellt að verða vinsælli. Þeir fást í flestum tölvuverslunum.




Nokia N95 hefur fengið TIPA-verðlaunin frá samtökum evrópskra ljósmynda- blaðamanna. Sjálfvirkur fókus og „ekta“ ljósop eiga stóran þátt í velgengni N95 en samkvæmt dómnefndinni jafnast gæði myndavélar símans á við gæði í hefðbundnum myndavélum.



Tomb Raider Anniversary leikurinn er kominn út á PS2 og PC. Um endurgerð á fyrsta og um leið besta Tomb Raider-leiknum er að ræða og er búið að uppfæra spilun og grafik leiksins í takt við nútímann.

allt

STIGAR
Allar mögulegar gerðir
Handrið og handriðaeefni
Sjá heimasíðu okkar
www.byggingavorur.com
Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215



Jóhann Breiðfjörð með tæknilegum vélmenni sem hann sýnir krökkunum sem koma á tæknilegú námskeiðin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðinn tæknilegú hönnuður sextán ára

Jóhann Breiðfjörð starfaði sem hönnuður hjá LEGÓ í mörg ár. Nú kennir hann íslenskum krökkum að byggja tæknilegú.

„Ég var mikið legónörd sem krakki og var alltaf að byggja eitthvað. Þegar ég var sextán ára fór ég til Danmerkur með vélmenni sem ég hafði byggt úr tæknilegú. Ég bankaði upp á hjá forstjóra LEGÓ og var síðan ráðinn eftir nokkur prufuverkefni,“ segir Jóhann Guðmundur Breiðfjörð, sjálfmenntaður tæknilegúhönnuður.

Jóhann var fyrstur erlendra hönnuða sem var ráðinn hjá fyrirtækinu og starfaði þar næstu fimm árin. Fyrst á sumrin með framhaldsskóla og síðan í fullu starfi eftir stúdentspróf.

„Ég fékk um 200 kíló af tæknilegú sent til Íslands. Síðan setti ég saman módelin hérna og sendi til Danmerkur ásamt hugmyndum,“ segir Jóhann sem á hlutdeild í mörgum tæknilegú leikföngunum sem LEGÓ hefur framleitt.

„Ég var aðallega í hugmyndaþróun en ef þeim leist vel á módelin voru þau þróuð áfram og sum fóru í framleiðslu. Flest leikföngin eru þó samstarfsverkefni margra hönnuða,“ segir Jóhann.

Allar hugmyndir sem hann hefur unnið fyrir LEGÓ eru trúnaðarmál. Módelin sem hann byggir í dag eru hins vegar ekki leyndarmál. „Ég á nokkur gæluverkefni sem ég gríp í. Til dæmis þegar sjónvarpsdagskráin er leiðinleg,“ segir Jóhann.

Í dag kennir Jóhann íslenskum krökkum að byggja tæknilegú meðal annars á vegum Íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar og hjá Símenntun Mímis. „Ég kenni krökkunum að nota rafmagnsmótora og tannhjól og gíra upp og niður. Þau hafa frjálsar hendur við verkefnaaval þar sem þau standa misjafnlega að vígi. Síðan hjálpa ég þeim að útfæra það sem þau langar til að gera,“ segir Jóhann.

Næsta tæknilegúnámskeið er á vegum Símenntunar Mímis fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára og hefst í júní. Nánari upplýsingar: www.mimir.is rh@frettabladid.is

Lokasala 30-70% afsláttur

30% afsláttur

af rafstillanlegum rúmum, stökum dýnum og yfirdýnum.

40% afsláttur

af borðlömpum, baðsloppum, handklæðum og rúmteppum.

50-70% afsláttur

af höfðagöflum, rúmteppasettum ofl.



Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
3,4%

Miðað við myntkórfa 4,
Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	4,0% *	4,4% *	5,0%
GREIÐSLUBYRÐI****	66.500	100.800	96.600

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

*** Vextir á erlendra myntkórfa ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkórfa 4.

**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkórfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílar til sölu



Mercedes Bens 320cc árg.1995. Einstakt eintak sem litur út sem nýtt. Fágætt bifreið á sanngjörnu verði eða 2,4 milj. Uppl. í s. 822 8558.



Toyota Avensis stw Diesel árg. '99, ek. 302p. Sk.'08. Dráttarb. Ný tímareim. Topp viðhald. Verð 590 þ. Uppl. í s. 664 8363.



Ford F 350 Harley Davidson.6,0 Diesel árg 2007 Einn með ÖLLU S: 898-2811. www.Plusgallery.is



Dodge Grand Caravan Sport árg 2005 ekin 73þús KM 3,3l v6.Góður bill. Verð 2,7 TILBOÐ 2,2.S:898-2811.www.plusgallery.is



MMC L 300 árg. '95 turbo diesel. Verðhugmynd 260 þús. Uppl. í s. 868 2466.



VW Passat árg. 2005 ek. 25 þús. 2.0 Beinskíptur. 18" felgur + 17" á heilsársdekkjum. Möguleiki á 100%láni. S. 849 9605.



M. Bens Ml 320. árg. 2001 ekin 82 þ. mílur. Verð 2650. Tilboð 100 þús. út + 2250 yfirtaka S. 891 8970.



BMW 320d 2002 ekin 170 þús. Verð 2,2 áhv. 1840 þ. Áfborgun er 39 þ. S. 866 6556.



Sjálfskiptur Diesel Golf VW Golf 1,9 TDI,Árg 09/06,SSK,E-6 þús,Abs,Verð 2290,6618185



16P á mánuði Daewoo kalos Se,Árg 09/03,E-69P,1400 Vél,Sk08,Lán 630P ,6618197



Skoða öll skipti. MAZDA 6,3000vél,Árg 2006,Ek-1þ,SSK, Verð 3990,Gott lán. 661-8185



Til sölu Bens B170 sjálfskiptur, nýskr. 12 2005 ekin 23þús. Fæst gegn yfir-töku á 38.000 á mánn og 300.000 út. S.6945682

www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bilapartar ehf, Grænamyri 3 Mosfellsbæ.

Rútblástjórur Fjallatrúka ehf vantar bílstjóra í hálendisferðir í sumar, stakir túrar koma til greina. upplýsingar í síma 894 0026 eða fjallatr@nett.is

Atvinna í boði Rafvirkir óskast. Óskum eftir rafvirkja og aðstoðarm. í almenna raflagnavinnu. Uppl. í s. 899 1993 eða strauver@isl.is Straumver ehf.

Brúðarkjólaleiga Dóru óskar eftir sumarstarfsmanni/starfsmanni við afgreiðslu og saumaskap. Uppl. í s. 695 5030.

Vanur grófumaður! Vanur grófumaður óskast, vinnusvæði Sorpa Álfnesi. Aðeins traustur og duglegur maður kemur til greina, nýlegar vélar, góð laun í boði fyrir réttan mann. Uppl. í s. 894 7000.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf: Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Heimilishjálp

Vil gjarnan halda heimili hreinu, c.a 8 klst. á mán. Uppl. í s. 557 2162.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Félagsfundur
Félagsfundur ferðaklúbbsins 4x4 verður haldinn mánudaginn 4 júní 07 í Sal Fl Mörkinni 6 kl 20.00. Dagskrá. Innanfélagsmál
Kynning frá Skeljungi
Kaffiveitingar Myndasýning frá síðasta starfsári
F4x4

Hernum er flutt í Engihjalla 8 Kópavog s. 893 8886 Thai City Opið frá 11-24 Útsala.

Einkamál

SPRÓFI AF ÖÐRU GAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA
OPÍD MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is
XXX samfélag
íslendinga á
íslenskum vef
ADEINS FYRIR 18+
Birtu myndir af þér!
Skobaðu myndir annarra!
KONUR + KARLAR
www.18plús.is

**Hvað er
að fréttu?**
Við tæklum sportið_

www.visir.is



**Gefðu
dýrmætasta
efni
í heimi**

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

**Gefðu
vatn**

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

ATVINNA

**BLIKKSMÍÐJAN
VIK**

Óskum eftir að ráða blikksmiði eða laghenta aðstoðarmenn einnig kemur til greina að taka nema í blikksmiði.

Upplýsingar í sínum 557-1580 og 557-1555
Eyjólfur eða Jóhann.

Leikskólastjóri óskast

Leikskólinn 101 Bræðraborgarstíg 1 er lítill 2ja deilda einkarekin leikskóli sem óskar eftir leikskólastjóra frá 1. september 2007.

Æskilegt er að umsækjendur hafi:

- Leikskólakennaramenntun.
- Góða skipulagshæfni.
- Frumkvæði og metnað í starfi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Leikskólastjóri sér um faglegt starf í leikskólanum.

Upplýsingar gefur Hulda L. Stefánsdóttir í síma 562-5101 eða e-mail: l eikskolinn101@simnet.is

Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI PÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR.
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN.

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989


- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Bergsteinn ehf

óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra, konu eða karl á nýjan bíl.

Uppl. í s. 892 5120 & 892 5187.

SIRKUS ER MEIRA LESINN EN MOGGINN!*



Morgunblaðið

34,5%

LESENDUR Á ALDRINUM 12 - 49*

Sirkus

38,1%

LESENDUR Á ALDRINUM 12 - 49*

Takk fyrir góðar viðtökur

Sirkus kemur alltaf með Fréttablaðinu á föstudögum. Blaðið er fullt af skemmilegu og lífandi efni fyrir ungt fólk á öllum aldri. Viðtökur ykkar er okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

*skv. símakönnunn Capacent sem gerð var í janúar og febrúar.



sirkus

ALLTAF MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MIDASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á BORGARLEIKHUS.IS



MAGNÚS ÓLAFSSON

STUÐ MILLI STRÍÐA Markaðsfræðingurinn stóri bróðir

PÓRGUNNI ODDSDÓTTUR FINNST LEIÐINLEGT AÐ VERA KENNITALA



Ég keypti mér íbúð á dögnum og blekið var varla þornað á kaupsamningnum þegar mér barst bréf frá ónefndri byggingavörðslun þar sem mér var óskað til hamingju með nýja heimilið og boðið afsláttur af ýmsum vörum.

Í fyrri útskrifaðist ég úr háskóla og fékk þá sendan glaðning frá nær öllum bönkum í landinu með hamingjuóskum og gylliboðum um hagstæðustu vextina og bestu kjörin. Einn bankinn hafði meira að segja fyrir því að láta prenta nokkur nafnspjöld handa mér með nafninu mínu og titli.

Mér þótti þetta svolítið óþægilegt og komst ekki hjá því að velta

því fyrir mér hvort allar þessar upplýsingar væru opinberar og öllum aðgengilegar. Hvað kemur það fyrirtækjum úti í bæ við þótt ég hafi keypt mér íbúð eða útskrifað úr skóla?

Bein markaðssetning af þessu tagi er svo sem ekkert ný af nálinni. Um það leyti sem ég varð kynproska fékk ég send Always Ultra dömubindi í pósti og mér skilst að foreldrum fermingarbarna sé sendur allur fjandinn þessa mánuði sem fermingarbrjálæðið stendur yfir.

Markaðssetning sem þessi virkar kannski á suma en hún virkar ekki á mig. Mér finnst þessi fyrirtæki uppþrengjandi og verð þirruð á afskiptaseminni. Eg er í viðskiptum við eina bankann sem lét

mig í friði þegar ég útskrifaðist í fyrri og málning og aðrar vörur fyrir nýju íbúðina hafa verið keyptar hjá samkeppnisaðila byggingavörðslunarinnar sem sendi mér hamingjuóskirnar á dögnum.

Stundum finnst mér svolítið óhugnanlegt að búa í samfélagi þar sem allar upplýsingar eru skráðar á kennitölu. Kennitöluvæðingin er komin út fyrir öll velsæmismörk. Um daginn pantaði ég mér tíma á snyrtistofu og þurfti að gefa upp kennitölu. Hvar endar þetta og hvað er gert við þessar upplýsingar?

Kannski fylgist stóri bróðir betur með en við höldum. Kannski þurfum við að passa okkur aðeins á honum. Hann er í það minnsta ansi slunginn markaðsfræðingur.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



ÄNGLAMARK

UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

ÄNGLAMARK VÖRURNAR:

UMHVERFISVÆNAR

HÚÐVÆNAR

NOTADRJÚGAR

HVÍTI SVANURINN - VOTTUN

EVROÞUBLÓMIÐ - VOTTUN

ÄNGLAMARK BLUECARE

Änglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkni Svaninum eða Evrópublóminu.



BLUECARE



Þvottaefni f. lit 1 kg
399 kr/pk



Norræna umhverfismerknið
Svanurinn

Norræna umhverfismerknið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerknið á Norðurlöndunum.



Eldhúspappír 4 rll
399 kr/pk



Salernispappír 8 rll
499 kr/pk



Þvottaefni f. hvítt 1 kg
399 kr/pk



Hreingeringarlögur 1 ltr
279 kr/stk



Fljótandi þvottaefni fyrir
viðkvæman þvott 1 ltr
199 kr/stk



Oppvottalögur 0,5 ltr
199 kr/stk



Oppvottavélatöflur 32 stk
379 kr/pk



Salernishreinsir 1 ltr
199 kr/stk



MINIRISK

ÄNGLAMARK MINIRISK

Änglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkni Svaninum.



Blautklútar, 72 stk
279 kr/pk



Barnabaðsápa 400 ml
399 kr/stk



Barnasápa 3 stk
179 kr/pk



Barnakrem 250 ml
199 kr/stk



Rainers Fassbinder minnst

Um þessar mundir eru tuttugu og fimm ár liðin frá andláti Rainers Werners Fassbinder höfundar og leikstjóra. Í blaðinu Die Zeit á föstudag er langt viðtal við fyrrum eiginkonu hans og samstarfsmann, söngkonuna Ingrid Craven. Þau voru í hjónabandi um langa hríð en skildu 1972 þótt þau ynnu áfram saman. Í viðtalinu gerir Ingrid upp árin þeirra saman, greinir Rainer af miskunnarleysi og lýsir samstarfshópnum í kringum hann sem skóp verkin með honum. Hún ræðst harkalega á stofn-



RAINER WERNER FASSBINDER

un sem svokölluð seinni eiginkona hans, Julianne Lorenz, stýrir og fer með höfundarrétt Fassbinders. Segir Ingrid hjónaband þeirra Fassbinders og Julianne upplogið enda aldrei neitt lagt fram því til sönnunar. Verra sé að stofnunin vilji endalaust fegra feril listamannsins og gylla og draga úr flestu sem einkenndi þennan merka listamann og uppveinsnarsegg í hinu kristna Vestur-Þýskalandi. Viðtalið er birt í heild á vef Die Zeit og í enskri þýðingu á vefnum www.signandsight.com

-pbb



>Dustaðu rykið af...

tónsmíðum **Edwards Elgar** sem hefði orðið **150 ára** síðastliðinn laugardag.

„Það liggur tónlist í loftinu, tónlistin er allt í kringum okkur, heimurinn er fullur af henni og þú tekur einfaldlega eins mikið af henni og þú þarft,“ er haft eftir þessum enska rómantíker.

menning

menning@frettabladid.is

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON

höf. og leikari Benedikt Erlingsson
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN

höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamsetur.is



NÝJAR BÆKUR

Út er komið afmælisrit til heiðurs Sigmundi Guðbjarnasyni prófessor sem varð 75 ára í fyrra. Sigmundur er prófessor í efnafraði og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands og einn af frumkvöðlum í háskólakennslu á efnafraðisviði. Ritið er afar veglegt en í því má finna þrjátíu greinar eftir íslenska vísindamenn úr hópi fyrrverandi nemenda og samstarfsmanna Sigmundar. Bókin skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn er líflæg samantekt um lífshlaup Sigmundar þar sem menntun hans og störf eru



inda-

an gefur ritið út en ritstjóri er Guðmundur G. Haraldsson prófessor.

rakin ásamt helstu afrekum hans og viðurkenningum. Þar er enn fremur skrá yfir ritverk hans og erindi sem hann hefur flutt. Stærstur hluti bókarinnar eru greinar sem koma inn á ýmis svið, svo sem lífnefnafræði, lyfjafræði og læknisfræði. Í þriðja hlutanum eru tvær ritryndar vísindagreinar eftir tvær samstarfskonur Sigmundar á rannsóknarstofnu hans á Raunvísstofnun. Háskólaútgáfan

Hláturtíð í húsinu

Lík í óskilum, grár gamanleikur eftir skoska leikskáldið Antony Neilson er eitt verkanna sem Leikfélag Reykjavíkur býður upp á á Hláturtíð sinni annað árið í röð. Hláturtíðin hefur farið heldur lágt: aukasýning var á farsanum vinsæla, Viltu finna milljón, síðla mánaðar en hann mun ekki útgenginn. Skellt er á nokkrum aukasýningum á Belgisku Kongó, en þetta snotra leikrit Braga Ólafssonar er nú sýnt fjórða leikárið í röð. Þar fer Eggert Þorleifsson á kostum. Annað kvöld hefjast svo sýningar á Líki í óskilum á Litla sviðinu en frumsýning er ekki fyrirhuguð fyrr en í september. Lík í óskilum fjallar um óborganlegt löggutemyi sem fær það hlutverk að boða eldri hjónum váleg tíðindi á aðfangadagskvöld. Þeir eiga bág



STEINUNN KNÚTSDÓTTIR LEIKSTJÓRI

með að leiðrétta misskilning sem verður áður en þeir hafa að fullu útskýrt mál sitt. Fljótt bætist við meiri misskilningur, fleiri persónur og flóknari fléttur en hjartveiki eiginmannsins gerir verkefni þeirra nánast ómögulegt. Löggur, lygar og lygileg atburðarás eru því í fyrirrími í þessum óvenjulega og nýlega farsa. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir en leikmynd vinnur Ilmur Stefánsdóttir.

Forsýningar verða nokkrar næstu vikuna og geta menn gripið gæsina.

-pbb

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÁST

Í samstarfi við Vesturport

7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is



Miðasalan flytur, sjá neðst!

Kúlan, Lindargötu 7 kl. 20:00

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-sýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“

GRET TIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20

DAGUR VONAR

Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport

Fim 7/6 kl. 20 UPPS. Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

LÍK Í ÓSKILUM

Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

BELGÍSKA KONGÓ

Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR

Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Brot af því besta

Sumarsýning Minjasafnsins á Akureyri geymir brot af því besta af dýrmætum gripum frá fyrri tíð í eigu safnsins.

Áhersla sýningarinnar er á útskorna og málaða gripi úr tré. Hver og einn gripur er einstakur, og bera þeir íslensku hugviti fyrir á tímum gott vitni. Elstu gripirnir eru frá miðbiki 18. aldar, en flestir eru frá 19. öld. Flestir gripanna eru eftir ónefnda alþýðutréska, gerðir af mishögum höndum. Þó eru nokkrir þeirra eignaðir þekktum einstaklingum eins og Bólu-Hjálmari, Gunnlaugi Briem og Hallgrími Jónssyni frá Naustum og yngstu útskornu gripirnir eru eftir þekktari tréskurðarmeistarara 20. aldar. Sýningin gefur auk þess innsýn í ís-

lenska listið áður fyrr, en hún lifði aðallega í útskurði, málu á tré og útsaumi, eins og kunnugt er. Listið var mikið stunduð undir handarjaðri kirkjunnar, en hér eru ekki sýndir kirkjulegir gripir, heldur brúkslutir heimilanna sem skreytiþörfin fékk útrás á.

Merkileg röð ljósmynda úr Drangey í Skagafirði er einnig sýnd sem dæmi um dýrgripi úr myndasafni Minjasafnsins. Myndirnar eru teknar í verstöð á Drangeyjarvertíð, þegar veiðar á svartfugli standa sem hæst.

Minjasafnið er opið alla daga frá 10-17.



HUGGULEGASTA SMÍÐ
Minjasafnið statar af laglegustu gripum.

Fjölbreyttur tónlistararfarur

Kammerkórinn Carmina heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu annað kvöld kl. 20.30. Á tónleikumum verða flutt lög úr íslenska sönghandritinu Melódíu, sem var ritað um 1660 og hefur að geyma yfir tvö hundruð gömul lög af ýmsum toga. Lögin eru þverskurður af þeirri tónlist sem naut mestra vinsælda á Íslandi á 17. öld og líklegt að þar séu lög sem nafntogaðir Íslendingar á 17. öld, til dæmis séra Hallgrímur Pétursson, Brynjólfur Sveinsson biskup, Jón Indíafari og fleiri mætir menn hafi haft dálæti á, enda eru nokkur lög í handritinu við kvæði séra Hallgríms.

Væntanlegur er geisladiskur með lögum úr Melódíu sem Smekkleysa gefur út, og í bæklingi segir Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og stjórnanndi Carminu, meðal annars um Melódíu: „Í þessu stórmerka handriti er að finna lög við þýðingar á erlendum þjóðkvæðum, tvísöngva, sálma úr íslenskum, dönskum og þýskum sálmabókum og gróllurum, kaþólska kirkjusöngva, eina og tvær raddir úr fjórraða lögum eftir nafngreind tónskáld, en einnig lög sem bera séríslensk einkenni og má með nokkurri varfærni telja



KAMMERKÓRINN CARMINA Flytur slagara frá sautjándu öld og hitar upp fyrir ferðalag til Svíþjóðar.

íslensk þjóðlög. Tónlistin á rætur að rekja m.a. til Danmerkur, Þýskalands, Austurríkis, Sviss, Frakklands, Spánar og Ítalíu. Því er ljóst að hvað sem öðru leið hefur Ísland ekki liðið fyrir landfræðilega legu sína þegar kom að fjölbreytileika tónlistarinnar sem hingað barst á 16. og 17. öld.“

Kammerkórinn Carmina er á leið til Stokkhólms þar sem hópur-

inn flytur sömu efnisskrá á Stockholm Early Music Festival, sem er ein virtasta endurreisnartónlistarhátið Norðurlanda og meðal annarra gesta að þessu sinni má nefna spænska gömbuleikarann Jordi Savall og sveit hans, Hesperion XX. Tónleikar Carminu verða í Finnisku kirkjunni í Stokkhólmi 8. júní og verða þeir meðal annars hljóðritaðir af sænska útvarpinu.

GABBIÐ

FRUMSÝND 8. JÚNÍ


SÝND Í REGNBOGANUM

R I C H A R D G E R E

The

HOAX

Byggð á sannri sögu.
Myndum við ljúga að þér?



„Gere er frábær og sýnir okkur magnaða blöndu af spennu, skelfingu, ósvífni og sköpunargáfu, ásamt því ómælda hungri í frægð og frama, sem kallar á þennan ótrúlega lygavef.“

-Lisa Schwarzbaum, Entertainment Weekly

„Gáskafullt listfengi Hallström og geislandi leikarar gera Gabbið að einstaklega vel heppnaðri kvikmynd.“

-Michael Sragow, Baltimore Sun

„Gríni, spennu, háðsádeilu og skömm er hrært saman með hressilegu sjálfstrausti og útkoman er skemmtilegasta mynd ársins um eitt stærsta gabb allra tíma.“

-David Ansen, Newsweek

Alfred Molina
Marcia Gay Harding
Hope Davis
Julie Delpy
Stanley Tucci

Eftir Lasse Hallström

KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1

Ekkert hlé

Myndin sýnd í einum rykk

2

Mínna af auglýsingum

Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3

Engin truflun

Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna
ljósið

-Ekkert hlé á góðum myndum

Spennandi hönnun í Sautján

Moss nefnist nýtt merki sem verður fánlegt í Gallerí 17 í Kringlunni. Um er að ræða íslenskt hönnunarteymi sem



MOSS Andrea Magnúsdóttir og Vala Magnúsdóttir, fatahönnuðir.

samanstendur af fólki sem hefur unnið saman í verslunum 17. „Við höfum alltaf verið að tala um að gera eitthvað svona og ákváðum loks að kyla bara á það,“ segir Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður en auk hennar eru það þau Vala Magnúsdóttir, Sigrún Hjálmararsdóttir, Bjarki Gunnlaugsson og Tómas Sveinbjörnsson sem skipa Moss. Andrea segir þau strax hafa fengið jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum en fyrsta sendingin af Moss verður frumsýnd í dag.

„Við ætluðum að hengja þetta upp í gær en það varð bara allt brjáláð. Þessar vörur eru líka á mjög góðu verði og fólk er ánæggt með þetta framtak okkar.“ Moss

mun framleiða kápur, jakka, hettupeysur, kjóla, boli og leggings. Hönnunarteymið hefur það að markmiði að sýna dirfsku í hönnun og notar ýmist palliutefni, blúndur eða neon-liti til að poppa flíkurnar upp. „Fötin verða einungis til í takmörkuðu upp-lagi en við hyggjumst sífellt koma með nýjar og spennandi flíkur í djörfum stíl með skemmtilegum smáatriðum.“ -bg

DJÖRF HÖNNUN Merkið Moss verður í fyrstu einungis selt í Gallerí 17 í Kringlunni.



Mirren á Gasasvæðið

Óskarsverðlaunaleikkonan Helen Mirren mun að öllum líkindum leika í nýrri kvikmynd sem gerist á Gasasvæðinu. Í myndinni verður dóttir hennar, blaðakona nokkur, ástfangin af Palestínumanni.



HELEN MIRREN Leikkonan hæfileikaríka ætlar að leika í mynd sem gerist á Gasasvæðinu.

Talið er að myndin verði tekin upp í Jórdaníu vegna átakanna á Gasasvæðinu. Leikstjóri verður Philip Martin og handritshöfundur Deasy, sem starfaði með Mirren við bresku sakamálaþættina Prime Suspect.

Mirren, sem er 61 árs, hlaut Óskarsverðlaunin fyrr á árinu fyrir hlutverk sitt í The Queen.



PRINCE Tónlistarmaðurinn smávaxni ætlar að gefa nýjasta lag sitt.

Nýtt lag frítt í farsíma

Tónlistarmaðurinn Prince ætlar að gefa notendum ákveðinnar farsímaþjónustu fyrsta smáskífulag sitt af væntanlegri plötu. Lagið nefnist Guitar og geta farsímanotendurnir hlaðið því inn af netinu án endurgjalds. Nýja platan frá Prince er væntanleg eftir nokkrar vikur.

Draumur um frelsi

Evrópskir hönnuðir sýndu „resort“ línur sínar í New York nýlega. Útkoman var glæsileg.

Til að anna eftirspurn tískusinn- aðra ferðalanga um allan heim senda nokkrir hönnuðir árlega frá sér svokallaða „resort“ línu. Upphaflega voru flíkurnar ætlaðar þeim sem ferðast til eða búa í heitum löndum og samanstóð framleiðslan þá aðallega af sundfötum og flíkum úr léttum efnum. Nú hafa bæst við flíkur sem henta þeim stóra hópi kúnna sem vinna á sumrin og fara jafnvel í viðskiptaferðir til framtandi landa. Eins konar dragtir eða jakkaföt úr léttum efnum má því sjá en í bland við það eru til dæmis léttir kjólar, sandalar og barmastórir sólhattar. Nýlega sýndu nokkrir evrópskir hönnuðir

sínar „resort“ línur í New York eða þau Karl Lagerfeld fyrir Chanel og Alberta Ferretti og John Galliano fyrir Dior. Umgjörðin gegndi stóru hlutverki hjá Chanel en sýningin var haldin í flugskýli þar sem Chanel-flugvélin var í bakgrunni en sú er notuð til að ferja fyrirsetur til og frá tókustöðum. „Resort-línurnar eru ekkert nema draumur um frelsi,“ sagði Lagerfeld hátfölega.

hilda@frettabladid.is

CHANEL Mosagrænt og töffaralegt úr smíðju Lagerfeld.



DIOR Barmastór sólhattur og glæsileg kápa frá Dior en í þessari línu mátti sjá áhrif bæði frá New Look tímabili Dior sem í bland við áhrif frá Austurlöndum.



DIOR Stór sólgleraugu og sætur kjóll fyrir kokteilboðið á ströndinni.



DIOR Léttur sumarfatnaður sem er um leið afar glæsilegur.



ALBERTA FERRETTI Plísierað pils og stuttur jakki. Flott fyrir viðskiptadömunu.



STEFÁN PÁLSSON Veftímaritin áttu blómaskeið sitt á árunum 2001 til 2002 en eiga nú undir högg að sækja.

Múrinn hrynur

„Ég vona að einhverjir muni sakna okkar,“ segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og einn stofnenda veftímaritsins Múrsins sem nú hefur lagt upp laupana.

Múrinn er eitt elsta pólitíska vefritið. Aðeins Vef-Þjóðviljinn er eldri. Að sögn Stefáns var blómatími þeirra rita, sem vöktu athygli og voru skrifuð oft tekin upp af hefðbundnari fjölmiðlum, á árunum 2001 og 2002. Á þeim tíma var Björn Bjarnason eini pólitíkusinn sem skrifaði á netið. En með auknum uppgangi blogggsins og því að annar hver atvinnu- maður í stjórnárum tók upp á því að skrifa á netið tók að fjara undan veftímaritunum. Stefán heldur því þó fram að hann hafi ekki séð eitt einasta blogg sem er betra en sáemilegt veftímarit, sem lýtur ritstjórn, er byggt á samstarfi og ákveðinni stefnu. En pólitísku veftímaritin, sem þurfa að vera skrifuð af „ungum og gróðum“ mönnum með sterkar pólitískar meiningar að sögn sagnfræðingsins, söfnuðust til feðra sinna misvirðulega. -jbg

HVAÐ ÁTTU MARGA PUNKTA?

ÞÚ GETUR GIST Á HÓTELI Í ÚTLÖNDUM FYRIR VILDARPUNKTA.




WWW.ICELANDAIR.IS

KYNNTU ÞÉR KOSTI GREIÐSLUKORTS VISA OG ICELANDAIR 7 ICELANDAIR.IS



Tilboðslán ...fyrir hverju sem er

- Lægri greiðslubyrði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán



**TILBOÐS
VEXTIR**

16,55%

Við hjálpum þér...
...að láta drauminn rætast!

S24
...og þú hagnast

LENN TVÍLÍF OG PÁLÍF 313.176



*Miðað við vaxtatöflu S24 01.05.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 15.06.2007.

Sæktu um... www.s24.is

SAMBÍÓI www.SAMBio.is t. 575 8900 midi.is



30.000 manns á 7 dögum!
sannur sumarsmellur, finasta afþreyingarmynd
Trausti S blaðið

PIRATES OF THE CARIBBEAN AT WORLDS END

HÖNDLÖGURINN ER Á SÁMFERÐUM Á SÁMFERÐUM.

★★★★
★★★★
★★★★
★★★★

UV TOPPS IS
PANAMA IS
HJ MBL




ÁLFABAKKA		
PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
PIRATES 3 VIP	kl. 6 - 10	
ZODIAC	kl. 6 - 9	16
THE REAPING	kl. 8:10 - 10:10	16
BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10:10	12
ROBINSON FJ... ISL TAL	kl. 4	L
GOAL 2	kl. 3:50 - 6	7

KRINGLUNNI		
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30	DIGITAL 10
ROBINSON F... M/ ISL TAL	kl. 6	DIGITAL-3D L

KEFLAVÍK		
PIRATES 3	kl. 8	7
THE REAPING	kl. 10	16
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 8	L

Nánari upplýsingar á www.SAMBio.is

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus




DELTA FARCE
SPIDERMAN 3

STRÁÐ ER ENKERT GRÁÐ...
SEVERANCE

LAUGARASBÍÓ - SÝNINGATÍMAR

DELTA FARCE	kl. 6, 8 og 10	10
SPIDERMAN 3	kl. 5 og 8	10
SEVERANCE	kl. 8	16
SHOOTER	kl. 10	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 6 - 450 kr.-	L

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!

28 WEEKS LATER

"FURIOUS SCENES OF MASS HYSTERIA AND VICIOUS SLAUGHTER" THE EXPRESS
"THRILLS AND ILLS EPIDEMIC AS SEQUEL PROVES INFECTIOUS" NEW YORK DAILY NEWS
"GRUESOME FAIRY-TALE" "HIGH-TECH STYLE OF ACTION FLICK" DAILY MAIL

USA TODAY
V.I.J. BLADIÐ

16
STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA

Missið ekki af þessu blóðuga framhaldi af 28 Days Later. Myndin hefur hlötið frábæra dóma. Robert Carlyle er víðurstyggilega góður!

Meista ævintýri fyrr og síðar, byrjar við hjara veraldar!



SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000			REGNBÖGINN Sími 551 9000		
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:45	10	28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS	kl. 5 - 9		UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
FRACTURE	kl. 8 - 10:30	14	THE PAINTED VEIL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3:45 - 5:50		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 8 - 10:10	
SPIDERMAN 3	kl. 5 - 8 - 10:50	10	SPIDERMAN 3	kl. 5:20	10

450 kr. í bíó!

HASKOLABÍÓ Sími 530 1919			HASKOLABÍÓ Sími 462 3500		
28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16	28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
FRACTURE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14	PATHFINDER	kl. 6 - 8	16
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8 - 10:30		THE HILLS HAVE EYES 2	kl. 10	16
SPIDERMAN 3	kl. 5:40 - 8:20	10			

MIDASALA Á midi.is BÍÓ.is

Ný plata frá McCartney

Tuttugasta og fyrsta sólóplata Bítílsins fyrrverandi, Pauls McCartney, kemur út í dag. Platan heitir Memory Almost Full og er fyrsta plata hans hjá útgáfufyrirtækinu Hear Music, sem er í eigu kaffihúsakeðjunnar Starbucks og plötuframtækisins Concord Music Group.

Áð venju semur McCartney öll lög og texta og spilar hann nánast á öll hljóðfæri á plötunni. Upptökur á plötunni hóf-

ust í október 2003 og lauk þeim í febrúar síðastliðnum. Síðasta plata McCartneys, Chaos and Creation in the Backyard, kom út árið 2005 og fékk hún mjög góðar viðtökur.

PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi er að gefa út sína 21. sólóplötu.



JAKOBÍNARÍNA Hjólsmenn Jakobínarína fær góða dóma í tímaritinu NME.

Endurklippt vegna flogaveiki

Endurklippa þurfti tvö ný myndbönd hljómsveitarinnar Jakobínarínu vegna hættu á að áhorfendur þeirra fengju flogakast. Myndböndin voru gerð við lögin Jesus og This In An Advertisement og verður hið fyrra sýnt í nýrri útgáfu á næstu dögum, bæði hér á landi og á MTV.

„Þetta verða vonandi eins litlar breytingar og hægt er en upprunalegu myndböndin verða á netinu,“ segir Gunnar Ragnarsson, söngvari Jakobínarínu, um ný myndbönd sveitarinnar sem þurfti að endurklippa.

Í fyrrnefndamyndbandinu, sem var leikstýrt af Jóni Sæmundi, er blikkandi ljósum beint að hljómsveitinni.

Virka þau eins og strobe-ljós, sem eru bönnuð í myndböndum



FLOTTIR Í RAUÐU Liðsmenn Jakobínarínu klæðast rauðu í næsta myndbandi sínu.

sem þessum. Í myndbandinu við lagið This Is An Advertisement voru klippingarnar of hraðar til að hægt væri að sýna myndbandið í sjónvarpi.

Fjallað er um nýjustu smáskífu Jakobínarínu undir fyrirsögninni

„best vinyl“ í þreska tónlistartímaritinu NME. Um er að ræða 7“ vinyllötu sem gefin er út í takmörkuðu upplagi í Bretlandi með lögnum Jesus og Filipino Girl. „Þetta er gríðarlega áhrifamikil blað og þeir eru að styðja við bakið á okkur.“

Það er náttúrulega jákvætt þótt maður sé ekki alltaf sammála því sem stendur í blaðinu,“ segir Gunnar.

Næsta smáskífa Jakobínarínu, með laginu This is An Advertisement, kemur út 23. júlí og er fyrsta plata sveitarinnar væntanleg á markað í Bretlandi á vegum Regal Recordings og hjá 12 Tónum 24. september.

Jakobínarína spilaði nýverið á Great Escape-hátíðinni í Brighton og á tvennum tónleikum í London á dögnum og voru viðtökurnar mjög góðar að sögn Gunnars. Í júlí fer sveitin síðan á tónleikaferð um Bretland til að kynna nýjustu smáskífu sína.

frey@frettabladid.is

Paula Abdul með taugasjúkdóm

Idol-dómarinn og söngkonan Paula Abdul hefur verið greind með taugasjúkdóm RSD sem gerir það að verkum að hún þarf á sterkum verkjastillandi lyfjum til að komast í gegnum daginn. Abdul hefur verið nokkuð gagnrýnd í vetur fyrir að hafa virst áhugalaus og þreytt í American Idol-þáttunum og hafa heyrst sögusagnir um að hún eigi við áfengisvandamál að stríða. Abdul hefur hrakið þær vangaveltur með því að viðurkenna veikindi sín.

„Ég hef farið í fjórtán aðgerðir og er með fjórar títaníumplötur í hálsinum. Ef ég virðist uppgefin í sjónvarpinu þá er það engin ímyndun, ég er það í alvöru. Ég fæ verkjaköst á nóttunni sem valda svefnleysi og ég þarf oft á lyfjum að

halda til þess að halda daginn út,“ segir Abdul. RSD er krónískur taugasjúkdómur sem veldur miklum verkjum, bólgu og skertri hreyfingu. Abdul segir að bílslys sem hún lenti í fyrir nokkrum árum hafi markað upphafið að sjúkdómnum í hennar tilvik. „Mér hefur hins vegar ekki liðið eins vel og nú í mörg ár og í fyrri þáttaröðum Idolsins mátti ekki miklu muna að ég hreinlega gæfist upp. En þá sá enginn neitt athugasemdi við mína framkomu. Ég hef aldrei verið drukkin í sjónvarpssal og ég er búin að fá nóg af því að vera sögð alkóhólisti,“ segir Abdul jafnframt og er hin reiðasta.



PAULA ABDUL Lenti í bílslysi fyrir nokkrum árum og hlaut slæman hnykk á hálsinn. Meiðslin hafa þróast út í RSD-sjúkdóminn.

Robbie ástfanginn

Breskir fjölmiðlar halda því nú fram að popparinn Robbie Williams sé ástfanginn. Sú heppna heitir Ayda Field og er tiltölulega óþekkt leikkona frá Bandaríkjunum. Robbie og Ayda hafa verið að hittast á laun síðustu tvo mánuði og segir kunningi söngvarans í viðtali við eitt götublaðanna í Englandi að honum hafi ekki liðið eins gagnvart stúlku í langan tíma. „Þau eru að gera það sem öll pör gera, fara í bíó saman og kúra saman inni í stofu og horfa á DVD. Hann er fallinn fyrir henni og tilfinningin er gagnkvæm,“ segir kunninginn.

Ayda þessi hefur meðal annars komið fram í gestahlutverkum í þáttunum Will og Grace og Days of our Lives. Hún þykir hin huggulegasta í útliti en sagt er að Robb-



AYDA FIELD Hinn 33 ára gamli Robbie Williams er steinfallinn fyrir óþekktu leikkonunni.

NORDICPHOTOS/GETTY

ie sé sérstaklega hrifinn af hennar innri manni.

Þrumukettir í Þýskalandi

Dúettinn Þrumukettir hefur gert útgáfusamning við þýska útgáfufyrirtækið Nordic Notes. Plata sveitarinnar, Our Way, kemur út á vegum fyrirtækisins í sumar í Þýskalandi, Austurríki, Sviss og á Íslandi.

Þrumukettir voru stofnaðir síðasta sumar og var platan tekin upp um svipað leyti. Á meðal þeirra sem aðstoða Þrumukettina á plötunni eru Jara, Hinda Khogali frá Súdan og Nick Scholey frá Skotlandi. Áður hafði sveitin gert eigin útgáfu af lagi Megasar, Druknuð börn,



ÞRUMUKETTIR Þrumukettirnir tveir gefa á næstunni út plötuna Our Way.

sem kom út á safnplötunni Pældu í því sem pælandi er í.

Þrumukettir spiluðu nýverið á Björtum dögum í Hafnarfirði og skórtuðu þá forlata grímum til að þeir þekktust ekki. „Þetta eru eiginlega kattargrímur,“ segir annar Þrumukattanna. Vill hann ekki meina að hugmyndin sé fengin frá bandarísku rokkurinum í Slipknot. „Við erum ekki þeir fyrstu sem nota grímur. Þetta tengist líka svoltið „coverinu“ en það var dönsk stelpa sem heitir Ida sem gerði það.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparin **Kanye West** flutti lög af væntanlegri plötu sinni Graduation í Las Vegas á dögunum. Á meðal laganna voru Stronger, sem er undir frá Daft Punk, og

The Homecoming, sem hann syngur á plötunni með

Chris Martin, söngvara Coldplay. Fékk West að vonum afar góðar móttökur í spila-borginni frægu.



Hjónakornin **John Travolta** og **Kelly Preston** ætla að fjölga í fjölskyldunni. Þau hafa verið gift í

sextán ár og eiga fyrir tvö börn, þau Jett og Ellu. Hjónin ætla að reyna fyrir sér í frekari barneignum þegar hausta fer og þau hafa lokið vinnu við myndina Old Dogs. Travolta er 53 ára gamall, en Kelly 44.



Skemmtigarður byggður á ævintýrum galdratráksins **Harry Potter** verður opnaður í Flórída árið 2009. Hann mun heita The Wizarding World of Harry Potter. **J.K. Rowling**, höfundur bókanna, kveðst vera ánægð með þau plön sem hún hefur séð, en það er hönnuðurinn Stuart Craig sem hefur yfirumsjón með hönnun garðsins. Hann hefur unnið við útkomnar myndir um galdratrákinn.



Matt Damon er orðinn þreyttur á því að **Brad Pitt** og **George Clooney** sigr hann alltaf í kjöri á kynþokkafyllstu karlmönnum heims. Af þeim sökum ætlar hann að stofna kosningasjóð og berjast fyrir sigri á næsta ári. „George sagði að ég hefði verið nálægt því í ár. Á næsta ári tek ég titilinn,“ segir Damon.

Söngkonan **Amy Winehouse** leggur mikla áherslu á fjölskyldumál.

Hún telur ekki hafa eytt nægum tíma með eiginmanni sínum upp á síðkastið. „Ég var ekki sett hingað að á jörðina til þess að syngja. Ég kom hingað til þess að vera eigin kona og móðir.“



MÍÐASALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR, Í BT Á LANDSBYGGÐINI OG Á MIDI.IS.MÍÐAVERÐ Í STÚKU ER KR. 5500, Á PALLA KR. 4500 OG Í STÆÐI KR. 3900.

MÍÐASALAN ER HAFIN

AIR

LAUGARDALSHÖLL 19. JÚNÍ

hr*örtygur

Corona
Extra

P
P

POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI

> Óvissa með Birki Ivar

Íslenska landsliðið í handknattleik heldur til Tékklands í dag þar sem undirbúningur fyrir umspilsleik um laust sæti á EM gegn Serbum hefst. Fyrri leikurinn fer fram ytra á laugardag og er óvíst hvort markvörðurinn Birki Ivar Guðmundsson geti leikið. Félag hans á að leika umspilsleik um laust sæti í þýsku úrvalseildinni á sama tíma og þýska handknattleikssambandið hefur ekki enn samþykkt að færa leikinn en HSI vinnur í málinu af fullum krafti. Hann verður þó örugglega með í seinni leiknum í Höllinni þann 17. júní.



sport
sport@frettabladid

RAGNAR ÓSKARSSON HANDBOLTAKAPPI: MEISTARI OG MARKAHÆSTUR Í FRANSKA BOLTANUM

Þetta var klárlega mitt besta tímabil

Handknattleikskappinn Ragnar Óskarsson varð á föstudag franskur meistari með liði sínu US Ivry. Ragnar var enn fremur markahæsti leikmaður frönsku deildarinnar en hann hefur hreinlega farið á kostum og á stóran þátt í meistaratitli sinna manna.

„Þetta var alveg geggjað. Það eru búin að vera mikil hátiðahöld og maður er enn að átta sig á þessu öllu saman,“ sagði Ragnar kampakátur í samtali við Fréttablaðið. Hann getur borið höfuðið hátt eftir frábæra leiktið en hann skoraði meðal annars 12 mörk í lokaleiknum. Hann skoraði tæplega 7 mörk að meðaltali í leik í vetur.

„Þetta er klárlega mitt besta tímabil og líka í fyrsta skipti sem ég vinn eitthvað. Ég er búinn að komast í úrslit í Evrópukeppni, bikar og deildarbikar og það hlaut að koma að því að ég ynni eina dollu.“

Ivry hafði ekki tapað leik síðan í nóvember í deildinni og gengi liðsins hefur verið með ólíkindum. Ragnar var að kveðja Ivry og gerði það á besta



mögulega hátt. Hann gengur í raðir Nimes á næstunni og þar er honum ætlað að leysa Túnisbúann Heykel Megannem af hólmum en hann var næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar. Nimes olli nokkrum vonbrigðum í vetur og hafnaði í fimmta sæti deildarinnar.

„Við verðum örugglega ekki að berjast um titil á næsta ári. Það er gaman að fá nýtt og krefjandi verkefni. Líka spennandi að flytja á nýjan stað og við kveðjum París sátt,“ sagði Ragnar sem flytur um næstu mánaðamót.

Hann hefur verið meiddur á olnboga síðustu vikur en hefur bitið á jaxlinn og klárað loka-leiki tímabilsins. Nú er hann byrjaður í sprautu-meðferð og þarf nauðsynlega hvíld. Þess vegna hefur hann dregið sig úr íslenska landsliðinu sem mætir Serbum.

QUENTIN TARANTINO KYNIR

ELI ROTH'S
HOSTEL
PART II
HEIMSRIMSYNI 8. JÚNÍ
STRANGLEGA BÖNNUÐ

SENDI SMS **JA 2HO**
Á **1900** OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BIÓMÍÐI!
VINGINGAR ERU BIÓMÍÐAR,
DVD MYNDR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIR!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS Klúbb 99 kr/skeytið.

Engar framfarir hjá Eyjólf

Íslenska landsliðið er í nákvæmlega sama sæti á FIFA-listanum og það var þegar Eyjólfur Sværissón tók við liðinu. Lægst fór liðið í 107. sæti. Það er versta staða Íslands á listanum frá upphafi. Ekkert bendir til að Eyjólfur sé á réttri leið.

FÓTBOLTI Það kom mörgum á óvart þegar KSÍ réð Eyjólf Sværissón sem landsliðsþjálfara í knattspyrnu þann 14. október árið 2005. Eyjólfur hafði mjög takmarkaða reynslu sem þjálfari. Hafði aðeins þjálfað U-21 árs lið Íslands og hafði ekki náð sérstökum árangri með það lið. Hann hafði þó gert nóg til þess að sannfæra Eggert Magnússon sem réð Eyjólf.

Fyrsti leikurinn undir stjórn Eyjólfur var í lok febrúar 2006. Vináttuleikur gegn Trinídad og Tóbago í London. Hann tapaðist 2-0. Fyrirsögn Fréttablaðsins eftir leikinn er táknræn: „Engar framfarir í fyrsta leik Eyjólfur.“ Það nákvæmlega sama er upp á teningnum 15 mánuðum síðar og liðinu hefur farið aftur ef eitthvað er síðan á Loftus Road.

Í greininni um Trinídad-leikinn er talað um slakan varnarleik og engan sóknarleik. Það á einnig við í dag. Það er ekki hægt að sjá framfarir á neinu sviði.

Einn sigur og fimm leikir án þess að skora

Eyjólfur er búinn að stýra liðinu átta sinnum og aðeins einu sinni hefur liðið unnið. Í fimm leikjum hefur liðinu mistekist að skora. Mörkin eru þess utan aðeins fimm. Það er nokkuð frá einu marki í leik. Það er áttakanleg tölfræði og segir meira en mörg orð um sóknarleikinn. Samt eignum við framherja í heimsklassa. Hann hefur ekki skorað í fimm leikjum í röð og það eru meira en 500 mínútur síðan hann skoraði síðast landsliðsmark.

Það er ekki bara sóknarleikurinn sem er lélegur því varnarleik-



EYJÓLFUR SVÆRISÓN Landsliðið hefur ekki riðið feitum hesti undir hans stjórn. Samt hvarflar ekki að honum að stiga úr stóli landsliðsþjálfara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LANDSLEIKIR ÍSLANDS UNDIR STJÖRN EYJÓLF

Trinídad & Tóbago-Ísland	2-0
Vináttuleikur sem fram fór í London.	
Ísland-Spánn	0-0
Vináttulandsleikur.	
Norður Írland-Ísland	0-3
Undankeppni EM	
Ísland-Danmörk	0-2
Undankeppni EM	
Lettland-Ísland	4-0
Undankeppni EM	
Ísland-Svíþjóð	1-2
Undankeppni EM	
Spánn-Ísland	1-0
Undankeppni EM	
Ísland-Liechtenstein	1-1
Undankeppni EM.	

Samantekt:

Leikir:	8
Sigrar:	1
Jafntefli:	2
Töpp:	5
Markatala:	5-12

FIFA-LISTINN MEÐ EYJÓLF

Nóvember 2005:	96. sæti
Nóvember 2006:	93. sæti
Í dag:	96. sæti
Liðið er sem sagt í sama sæti og þegar Eyjólfur tók við liðinu.	
Versta staða:	107. sæti í júlí 2006
Það er versta staða landsliðsins frá upphafi á FIFA-listanum.	
Besta staða:	86. sæti í mars 2007

Ert þú efni í afreksíþróttamann?

Viltu verða meðal þeirra bestu?

Þá er nám í afreksíþróttum í FB eitthvað fyrir þig.



Frá haustönn 2007 verður skipulagt nám fyrir afreksíþróttafólk framtíðarinnar í handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik í boði við Fjölbrotaskólann í Breiðholti. Kjörð tækifæri fyrir afreksíþróttafólk að tengja saman nám og íþróttir.

Nemendurnir munu fá þrjár æfingar á viku á skólatíma undir stjórn frábærra þjálfara.

Eingöngu verður um einstaklingsþjálfun að ræða, en þú munt æfa áfram og keppa með þínu íþróttafélögi.

Afreksíþróttanemendur geta stundað nám á öllum brautum skólans.



www.fb.is



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til
endurvinnslu



Ágætu viðskiptavinir, eftirfarandi breytingar á þjónustu strætó tóku gildi 3. júní

Sumartími strætó

Breytt tíðni leiða gildir frá 3. júní til 18. ágúst.

Allar leiðir strætó, nema leið 23 og leið 27, aka á 30 mínútna fresti. Leið 23 ekur á 60 mínútna fresti. Leið 27 ekur á breytilegri tíðni.

Breyttar leiðir

Breytingar hafa verið gerðar á leiðum strætó í Breiðholti, Garðabæ, Grafarholti, Grafarvogi, Hafnarfirði og Kópavogi.

Ný leiðabók

er afhent á sölustöðum farmiða og á straeto.is. Sendið okkur tölvupóst straeto@straeto.is og við sendum hana til ykkar.

Nánari upplýsingar um sumartíma strætó og breyttar leiðir á heimasíðu og í upplýsingasíma:

straeto.is

s: 540 2700

Strætó bs.



SIÐURÆLL Benedikt Guðmundsson með Íslandsbikarinn sem hann vann með KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vantar peninga fyrir yngri landsliðin

Norðurlandsmeistar Íslands í 16 ára liðum fá ekki að reyna sig í Evrópukeppni í sumar þar sem ekki er til peningur hjá KKÍ fyrir ferðalagi á mótíð.

KÖRFUBOLTI Benedikt Guðmundsson, þjálfari Íslandsmeistara KR og Norðurlandameistara Íslands í 16 ára liðum, hefur eins og aðrir landsliðsþjálfarar yngri landsliða Íslands í körfubolta miklar áhyggjur af stöðu mála því vegna peningaskorts fer ekkert íslenskt landslið í Evrópukeppni í sumar.

Benedikt er ásamt Einari Árna Jóhannssyni og Inga Þór Steinþórsyni, aðalmaðurinn á bak við frábært gengi íslensku unglingslandsliðanna sem hafa unnið fimm Norðurlandameistararitla og komist inn í þrjár A-keppnir á síðustu þremur árum.

„Það er hið versta mál að þessir strákar fari ekki í Evrópukeppnina og í raun því líkt bakslag fyrir yngri landsliðin okkar. Þetta hefur mikil áhrif á framþróun og framfarir þessara krakka,“ segir Benedikt sem segist hafa fengið sterk viðbrögð frá hinum Norðurlandþjóðunum við því að Ísland væri ekki með í Evrópukeppnum í sumar.

„Ég held að menn séu hættir að vera hissa og það telst ekki lengur til stórra tíðinda meðal hinna þjóðanna þegar Ísland vinnur Norðurlandamótíð. Menn búast alveg eins við því að Ísland fari alla leið.“

Mestu viðbrögðin sem ég fékk við okkar árangur í ár þegar sænskir, danskir og finnskir þjálf-

ar og jafnvel a-landsliðsþjálfarar þessara þjóða sem maður þekkir voru að koma til mín og spyrja hvar við værum að spila í Evrópukeppninni.

Þegar ég sagði þeim að við færum ekki í Evrópukeppnina þá trúðu menn því ekki miðað við alla þá athygli sem þessi yngri landslið okkar eru búin að vekja,“ sagði Benedikt sem segir strákana tapa mikið á því að missa af þátttöku í Evrópukeppninni.

„Í Evrópukeppnunum fá þessir strákar marga leiki á skömmum tímum og þeir taka því líkum framförum. Ef við fáum ekki að spila við þessar þjóðir erlendis þá er það sem við kennum þeim hérna ekkert að nýtast. Þeir taka bara takmörkuðum framförum þegar þeir spila alltaf bara við sjálfan sig hérna heima,“ segir Benedikt sem ætti að þekkja þetta enda búinn að fara margt út með landslið.

Benedikt vill ekki kenna neinum um hvernig fór þrátt fyrir að svekkelsið sé mikið. „Við erum búinir að eyða mikilli orku í að byggja þetta upp og þú getur ekki trúað því hvað við erum svekkir. Það þýðir samt ekki að væla yfir þessu því við þurfum að finna einhverjar lausnir,“ sagði Benedikt að lokum.

ooj@frettabladid.is

Bullan sem eyðilagði leik Dana og Svíþjóðar:

Var búinn að drekka 15-20 bjóra og man ekkert

FÓTBOLTI Fótiboltabullan sem eyðilagði leik Dana og Svía á laugardag þegar hann hljóp inn á völlinn undir lok leiks og réðst á dómarrann var ofurölvi og segist ekki muna eftir atvikinu. Dómarinn blés leikinn af í kjölfarið og dæmdi Svíum sigurinn, 0-3. UEFA hefur ekki staðfest að það sé endanleg útkoma leiksins.

Danir segjast munu una dómi UEFA í málinu og hafa ekki í hyggju að berjast fyrir einu né neinu. Það er talað um atvikið sem mesta hneykslið í danskri knattspyrnusögu.

Maðurinn sem um ræðir er 29 ára gamall og er merkilegt nokk búsettur í Svíþjóð. Hann sagði við yfirheyrslur að hann hefði verið búinn að drekka 15-20 bjóra fyrir leikinn og hafi þar af leiðandi verið ofurölvi. Svo ölvaður reyndar að hann man ekki eftir atvikinu.

Hann er væntanlega kominn í



ÖLÆÐI Áhorfandinn missti algjörlega stjórna á sér og reyndi að kyla Herbert Fandel dómara. NORDIC PHOTOS/AFP

ævilangt bann á Parken og það er einnig ljóst að Danir eru á leið í heimaleikjabbann og leikur Dana og Íslendinga næsta haust fer því væntanlega ekki fram á Parken heldur á hlutlausum velli. UEFA mun taka málið fyrir í vikunni.

- hbg



RYAN GIGGS Þakkar stuðningsmönnum Wales fyrir sig. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ryan Giggs:

Hefur trú á welska liðinu

FÓTBOLTI Ryan Giggs lék á laugardag sinn síðasta landsleik fyrir Wales þegar Wales gerði markalaust jafntefli gegn Tékkum í Cardiff. Leikurinn var góður hjá Wales og Giggs hefur trú á að framtíðin sé björt hjá landsliðinu.

„Vörnin var frábær og þeir fengu engin færi. Svo sköpuðum við okkur færi og það er nákvæmlega svona sem liðið verður að leika í framtíðinni. Þetta var frábær leikur frá upphafi til enda,“ sagði Giggs sem var hylltur skömmu fyrir leikslok er hann yfirgaf völlinn og afhenti Craig Bellamy fyrir-liðabandið.

- hbg

Thierry Henry:

Verður að sýna áhuga á Barca

FÓTBOLTI Barcelona er ekki búio að loka á að fá Thierry Henry í raðir félagsins en segir að Henry verði fyrst að sýna að hann vilji hætta hjá Arsenal og koma til Barca áður en félagið geri nokkuð.

„Ef hann sýnir áhuga á að koma hingað þá munum við ganga í málið,“ sagði Txiki Beguiristian, yfirmaður íþróttamála hjá spænska rísanum.

Bæði Samuel Eto'ó og Lilian Thuram hafa lýst yfir áhuga sínum á að fá Henry til félagsins.

- hbg



ANELKA Fer hann til Man. Utd eða verður áfram hjá Bolton? NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Nicolas Anelka:

Vill fá svör frá Bolton

FÓTBOLTI Franski framherjinn Nicolas Anelka vill fá skýr svör um fyrirætlanir Bolton hið fyrsta.

„Fyrst af öllu verð ég að komast að því hvort Bolton ætlar að selja mig eður ei. Ég vil ekki fara frá félaginu. Ég hef alveg áhuga á að spila með fjórum stærstu félögum á Englandi en mig langar líka að hjálpa Bolton að verða eitt af stórveldum enska boltans,“ sagði Anelka sem skoraði laglegt mark gegn Úkraínu um helgina.

Hann hefur verið sterklega orðaður við Man. Utd síðustu daga.

- hbg

LeBron James og félagar í úrslit NBA-deildarinnar:

Ótrúleg endurkoma hjá Cleveland gegn Detroit

NBA Það verða San Antonio Spurs og Cleveland Cavaliers sem berjast um NBA-títilinn. Cleveland tryggði sér réttinn til að leika gegn Spurs í fyrrinótt þegar liðið gerði sér lítið fyrir og lagði Detroit Pistons í fjórða leiknum í röð.

Detroit komst í 2-0 í einvíginu og er lið Cleveland aðeins það þriðja í sögu NBA sem kemur til baka í úrslitum deildar eftir að hafa lent 2-0 undir. Þetta er í fyrsta skipti sem Cleveland kemst í úrslitarímmu NBA-deildarinnar.

Stórstjörnunnar LeBron James

er fyrst og fremst þakkað þetta ótrúlega afrek. Hann hefur verið að leika ótrúlega vel og ekki bara fyrir sjálfan sig heldur allt liðið.

„Ef ég ætti að greina frá öllu sem fer í gegnum hausinn á mér núna þá yrði ég hérna í þrjá klukkutíma,“ sagði James brosmildur eftir leikinn en hann skoraði 20 stig í lokaleiknum, tók 14 fráköst og gaf 8 stoðsendingar. Þar af gaf hann 5 stoðsendingar í fyrsta leikhliða.

Fyrsti leikur San Antonio og Cleveland fer fram í San Antonio á fimmtudag og er í beinni á Sýn.

- hbg



LEBRON JAMES Ungstirnið er búio að koma Cleveland í úrslit fyrr en margur átti von á. James er 22 ára gamall. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM

með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 37.440

20%

Afláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR

gera rúmið þitt notalegra

20%

Afláttur

EGGJABAKKADÝNUR

Verma og mýkja

Allar stærðir

30%

Afláttur

SPRINGDÝNUR

Verð frá: kr. 12.720

20%

Afláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR

20%

Afláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI

20%

Afláttur

KODDAR OG SÆNGUR

20%

Afláttur

SVEFNSÓFAR

20-40%

PAR SEM FAGMENNNSKA OG FJÖLBREYTNÍ FARA SAMAN

Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

Marisa Tomei

Leikkonan Marisa Tomei er af amerísk-ítölskum ættum. Hún er fædd og uppalin í New York, þar sem Broadway-leikritin kveiktu áhuga hennar á leiklist. Fyrsta hlutverk Tomei var í sápunni *As The World Turns*, árið 1983. Síðan þá hefur hún leikið í fjölda kvikmynda og jafnframt komið mikið fram á sviði, bæði á Broadway og annars staðar.

Tomei fékk Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir *My Cousin Vinny*. Fyrir hlutverk sitt í *In the Bedroom* var hún aftur tilnefnd til Óskarsverðlauna og Golden Globe-verðlauna. Tomei leikur í *The Perez Family* sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR FAGNAR ÚTVARPINU Í ÚTLÖNDUM

We'll always have a RÚV over our heads

Í Fukuoka-borg í Japan býr íslensk stúlka og nemur asíska lögspeki. Meyjan hefur dvalið þarna í nokkra mánuði og er smátt og smátt farin að meðtaka þá annarlegu japönsku menningu. En víst kemur það fyrir öðru hverju að hún brotnar sisona niður með heimþrá og grátstafinn í kverkunum. Æpir þá sálin heim.

Hún lýsir þessum ögurstundum í sendibréfum sínum. Þá, segir hún, er fátt til ráða nema þrifa í dauðans dimmu angist til tölvunnar og finna þar RÚV.is. Stúlkan sendi nýskeð nokkrar línur frá sér um hvernig Óskastund Gerðar G. Bjarklind hefði verið henni ómetanleg huggun harmi gegn í Japan. Bjargað deginum, ef ekki lífinu.

Og þegar hún kynnir íslenska menningu fyrir samnemendum sínum býður hún upp á hlaðborð að heiman: hákarl, blóðmör og kleinur. Undir borðhaldi dunar vefupptaka af dánarfregnum og jarðarförum. Þetta er íslenskt, segir hún, og hollt. Því miður fylgir ekki sama stolt nýja fréttastefinu, en það er önnur saga. Lögspekingurinn litli er á því að

þessar vefupptökur séu einn helsti kostur netsins. Hún segir erlendum kunningjum af alkunnri íslenskrí hnyttu að eitt viti hún og það er að hvert sem hún fari í þessari fláu veröld muni hún „always have a RÚV over her head.“

Þetta er endurtekið hér því eitt sinn bjó undirritaður í Baskalandi og hafði af því svipaða reynslu og systir in í Japan. Þar syðra heyrðust öngvar norrænir tungur og vart að menn færu með enskt mál. RÚV.is var þá sem traustur vinur. Sólríkir dagarnir hófust á tregafullum frónskum veðurfréttum. Það bægi snögglega frá allri heimþrá og ljótum hugsunum.

GERÐUR G. BJARKLIND Gerður gerir kraftaverk fyrir Íslendinga í útlöndum.



EKKI MISSA AF



▶ **16.00 Agent Cody Banks**
Stöð 2 Bíó



▶ **20.00 Queer Eye for the Straight Guy**
Skjárinn



▶ **20.05 Grey's Anatomy**
Stöð 2



▶ **21.15 Lost**
Sjónvarpið



▶ **22.00 Twenty Four**
Sirkus

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra Grís (14:26)
18.06 Lítil prinsessa (16:30)
18.16 Halli og risaöðlufatan (12:26)
18.30 Vinkonur (37:52)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Trójuborg (Troy) Bresk heimildamynd um Trójuborg sem stóð þar sem nú er vesturströnd Tyrklands og Hómer gerði ódauðlega í söguldögum sínum. Við borgina eru kennd Trójustríðin fyrir 3000 árum en nú er spurt hvort sú borg hafi yfirleitt verið til og hvort Hómer hafi ekki bara verið að bulla.
21.00 Lífstíllsjúkdómar (1:5) Stuttir þættir um heilsufarsvandamál sem steðja að mannkyninu. Dagskrárgerð: Jón Þór Viglundsson. Framleiðandi: Vertigo ehf.

▶ **21.15 Lífsháskí**
22.00 Tíufréttir
22.25 Allraheilagramessa (1:2) (Feast of All Saints) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2000 byggð á skáldsögu eftir Anne Rice. Sagan gerist í New Orleans í upphafi þrælastríðsins og segir frá ungum kynblendingi á tímamótum. Seinni hlutinn verður sýndur að viku líðinni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.05 Út og suður (1:16) e.
00.35 Kastljós
01.05 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.05 The Curse of the Pink Panther
08.00 Agent Cody Banks
10.00 A Shot at Glory
12.00 The Perez Family
14.00 The Curse of the Pink Panther
16.00 Agent Cody Banks
18.00 A Shot at Glory
20.00 The Perez Family Viðfræg rómantísk gamanmynd sem fjallar um ástir og örlög kúberskra flóttamanna.
22.00 Warriors of Heaven and Earth
00.00 In Hell
02.00 Picture Claire
04.00 Warriors of Heaven and Earth



SIRKUS TV

07.20 Myrkfælnu draugarnir
07.55 Myrkfælnu draugarnir
08.05 Oprah
08.50 Í fínu formi 2005
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Forboðin feður (61.114)
10.10 Numbers (23.24)
11.00 Fresh Prince of Bel Air 5
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters (13.24)
14.00 Sofa urtubörn í útskerjum
15.05 Extreme Makeover (2.23)
15.50 Galdrastelpurnar (10.26)
16.10 Batman
16.30 BeyBlade
16.55 Hjólagengið
17.20 Froskafjör
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (8.22)
▶ **20.05 Grey's Anatomy** (24.25) Vinsælur þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
20.50 Pirate Master NÝTT (1.14) Hörkuspennandi raunveruleikabáttur í anda *Survivor* sem gerist um borð á alvöru sjóræningjaskipi. Keppendum er engin miskun sýnd en þeir þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að vera sendir á braut.
21.40 Human Trafficking (1.2) Dramatísk framhaldsmynd með Donald Sutherland og Miru Sorvino í aðalhlutverkum. Myndin segir frá baráttu útlendingaefirlitsins til að stemma stígu við kynlífsþrálkun og tilraun þeirra til að bjarga ungum konum sem seldar hafa verið í ánaud.
23.15 Shark (21.22)
00.00 Rome (6.10)
00.55 Las Vegas (7.17)
01.40 Kangaroo Jack
03.05 Grey's Anatomy (24.25)
03.50 Oprah
04.35 Pirate Master NÝTT (1.14)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18.00 Insider Í þessum þáttum fara stjórnendur með okkur í innsta hring stjarnanna í Hollywood.
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.35 Entertainment Tonight Fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist og tísku. Alls kyns uppkomum í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
20.00 Arrested Development (11.18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að reka fjölskyldu-fyrirtækið og halda saman geggjúðustu fjölskyldu sem um getur.
20.25 Pussycat Dolls Present: The Search (5.8) Stúlkna sveitin heimsfræga Pussycat Dolls leitar að nýjum meðlimi í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu þeirra voru valdar til áframhaldandi þátttöku.
21.15 Trading Spouses (22.22) Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf.

▶ **22.00 Twenty Four** (20.24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Jack reynir að fá Audrey til að segja frá þeim tíma sem henni var haldið fanginni en hún vill ekkert gefa upp.
22.50 Cold Case (18.24) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Lily Rush rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst. Lík finnst á botni stöðuvatns en það reynist vera af heimilislausri konu sem myrt var árið 1999.
23.35 Joan of Arcadia (8.22) (e) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy-verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramapættina.

00.20 Entertainment Tonight (e)
00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.00 Vörutorg
17.00 Game tívi (e)
17.30 Beverly Hills 90210
18.15 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Malcolm in the Middle (e) Bandarísk gamanseria um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Malcolm fer í dansskóla til að ganga í augun á stúlku og kemst að því að lífið er ekki bara dans á rósun.
20.00 Queer Eye for the Straight Guy ▶ Strákarnir halda áfram að þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fyra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemningu.
21.00 Heroes (22.23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Angela Petrelli þarf að koma úr skelinni og spila stærsta hlutverk í lífi sona sinna.
22.00 C.S.I. (21.24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Útbrunninn boxari liggur í valnum á vændishúsi þar sem hann bjó. Rannsóknarsveitin þarf að komast að því hvað það var nákvæmlega sem drap hann.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskyldufóður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
23.15 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

00.05 Boston Legal (e) Bráðfýndið lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston.
00.55 The L Word (e) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
01.45 Beverly Hills 90210 (e)
02.30 Vörutorg
03.30 Óstöðvandi tónlist

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

PIRATE MASTER FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:50

Hörkuspennandi raunveruleikabáttur. Leitin að fjársjóðnum er hafin.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Pirate Master

Í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á glænjum og hörkuspennandi raunveruleikþætti sem heitir Pirate Master og er í anda Survivor-þáttanna og kvikmyndarinnar Pirates of the Caribbean. Þættirnir gerast um borð í alvöru sjóræningjaskipi og keppendum verður ekki sýnd nein miskunn. Þeir munu þurfa að leysa þrautir og gátur á sjó og landi til að koma í veg fyrir að vera sendir á braut. Eftir margra vikna baráttu sem mun einkennast af baktjaldamakki og svikum mun einn standa uppi sem sjóræningjameistari og hljóta milljón dollara í verðlaun. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla aðdáendur raunveruleikþátta.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Arrested Development
Sirkus kl. 20.00

Arrested Development er með skemmtilegri gamanþáttum sem borist hafa frá Bandaríkjunum á síðustu árum. Þar segir frá ævintýrum fjölskyldu sem samanstendur af í hæsta máta óvenjulegu fólki. Michael, leikinn af Jason Bateman, tekur ábyrgðina á fjölskyldufyrirtækinu á sínar herðar þegar faðir hans er handtekinn vegna gruns um fjársvik. Það er þó ekki það eina sem Michael þarf að kljást við, því aðrir í fjölskyldunni koma sér ítrekað í klandur sem er ólíkt öllu því sem áður hefur sést. Fyrsta þáttaröð Arrested Development hlaut fimm Emmy-verðlaun og hefur notið mikilla vinsælda.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Stefnumót	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútlarp	19.00 Laufskálinn
12.20 Hádegisfréttir	19.40 Sumarsaga barnanna: Litli lögræðingurinn
12.45 Veðurfregnir	20.00 Eldhugi á tímamótum
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	21.00 Framtíð lýðræðis
13.00 Vít og breitt	21.55 Orð kvóldsins
14.03 Útlarpssagan: Lífsjátning	22.15 Kvóldsagan: Drekar og smáfuglar
14.30 Miðdegistónar	23.05 Úlfaldar og myflugur
15.03 Krossgötur	00.10 Útlarp á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.00 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games)

15.20 PGA Tour 2007 Bein útsending frá lokadegi Memorial mótsins á PGA mótaröðinni í golfi.

18.20 Formula One Behind-the-Scenes Hvað gerist bak við tjöldin í Formúlu 1 kappakstrinum?

19.15 NBA - Úrslitakeppnin (NBA 2006/2007 - Playoff games)

21.15 Þýski handboltinn Þáttur um þýska handboltinn þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu.

22.00 Sænsku nördarnir (FCZ) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnuhlöð?

22.50 Heimsmeistaramótið í Póker Heimsmeistaramótið 2006 í Póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

23.50 EM 2008 (Danmörk - Svíþjóð) Útsending frá leik Danmörk og Svíþjóðar í undankeppni EM.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Dronningens elefanter 7.00 Grøn glæde 7.30 Debatten 8.10 Zanzibar - drømmen om paradiset 8.30 Græsrodder 9.00 Møde med livsgæden 9.30 Hjerterum 10.00 TV Avisen 10.10 21 Søndag 10.50 Cyklus 11.45 OBS 11.50 Aftenshowet 12.20 Søren Ryge direkte 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Snurre Snup - Kanin på klaver 14.35 Monster allergi 15.00 Dragejægerne 15.30 Den lille brand-skole 15.55 Gurli Gris 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Genbrugsguld 18.00 Ghita Nørby "Den lille Vilde" 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Maskarade 20.35 Bagom Maskarade 20.55 OBS 21.00 City of God 4.30 Den hvide sten 5.00 Rasmus Klump 5.10 Morten 5.30 NU er det NU 6.00 Elmers verden

NRK1

6.30 Jukeboks: Du skal høre mye 7.30 Jukeboks: Jazz 8.30 Oppgangen 9.00 Vinn en Saab 10.00 Siste nytt 10.05 Med hjertet på rette staden 10.50 Creature Comforts: hvordan har vi det? 11.00 Siste nytt 11.05 Grønn glede 11.30 Viten om 12.00 Siste nytt 12.05 Norge rundt 12.30 Åpen himmel 13.00 Siste nytt 13.05 Anne fra Bjørkely 14.00 Siste nytt 14.03 Sinbads fantastiske reiser 14.30 Fabrikken 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Månåid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mikkes klubbhus 16.25 Sauer 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor: Jakten på meteoritten 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vinbaronen 20.30 Landeplage 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hva skjedde med Diane? 22.50 Little Britain 5.30 Sport Jukeboks

SVT 1

7.30 Världen 8.30 Ramp höjddare 9.00 Lab Rats 10.00 Rapport 10.05 Ridsport: Strömsholm 11.05 Sportspegeln 12.15 Storm över Tjurö 14.00 Rapport 14.10 Gomorrön Sverige 15.00 Ramp 15.30 Krokmax 16.00 Charlie och Lola 16.10 Asta-Marie, det är jag 16.20 Brum 16.30 Evas funkarprogram 16.45 Dr Dogg 17.00 Skolbyte på prov 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport 18.00 Signid och Isaac 19.15 I Edens lustgård 19.30 Tillbaka till livet 20.00 I sinnets våld 21.00 Rapport 21.10 Kulturmyheterna 21.20 Vita huset 22.05 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorrön Sverige

Taktu Flugfélag

EGILSSTAÐIR

FRÁ **3.990** EYDDU TÍMANUM VEL

... og gyllir fjöllin himinhá og heidarvötnin blá

Margrétta menningarveisla á Héraði í allt sumar!

2. júní
Rokkhátíð unga fólksins í Selskógi

14. júní
Frú Norma frumsýnir Nátthrafna á Egilsstöðum

23. júní
Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðaskógi

28. júní
Frú Norma frumsýnir barnaleikritið Bara í Draumi

27.-30. júní
Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi

17. - 26. ágúst
Ormsteiti, héraðshátíð

Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað

TÍMINN FLÝCUR

→ flugfelag.is

Flugfélag Íslands flýgur yfir 40 ferðir í viku til Egilsstaða. Þú nýtur þess að lesa dagblöðin, fá þér kaffi og súkkulaði og áður en þú veist af er lent á Egilsstöðum.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma 570 3030 eða á www.flugfelag.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

* Flugvallarskattar innifaldir. Eingöngu bókanlegt á netinu. Takmarkaður sætafjöldi.



„Frammi í búð er það Bylgjan. En svo erum við með útvörp við vinnustöðvarnar okkar inni á verkstæði og þar er oft hlustað á gufuna, gömlu góðu.“

Helga Jónsdóttir, gullsmiður í Gullkúst Helgu.

Simpsons á íslensku í sjónvarpi

Ákveðið hefur verið að fjögur hundradasti þátturinn um Simpsons-fjölskylduna verði á íslensku. Þetta staðfestir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, en reikna má með því að þátturinn verði sýndur í byrjun júlí. „Simpsons-fjölskyldan er ein vinsælasta sjónvarpsþáttaröð sem Stöð 2 hefur sýnt og í tilefni af frumsýningu myndarinnar með íslensku tali ákváðum við að gefa aðdáendum smá forskot á sæluna,“ segir Pálmi en sömu leikarar og tala í myndinni munu skipa hlutverkin. Harðir aðdáendur gulu fjölskyldunnar á ensku þurfa þó engu að kvíða því strax eftir „íslenskan“ Simpsons verður sá enski sýndur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Davíð Þór Jónsson þýða þáttinn en hann vildi ekki staðfesta það í samtali

við Fréttablaðið. Hann hefði hvorki séð handrit né þáttinn sjálfan. Hann hefur hins vegar setið sveittur undanfarnar vikur yfir því að þýða myndina en til stendur að hefja upptökur á talsetningunni í dag. Davíð segir þessa þýðingu vera langt frá því sína erfiðustu enda muni Simpsons-fjölskyldan tala reykvisku frá 2007. „Yfirleitt þegar ég hef verið að þýða þá hef ég reynt að láta persónurnar tala gullaldar íslensku en það á einfaldlega ekki við núna,“ segir Davíð.

Þýðandinn segist ekki ætla að fara út í það að staðfæra einhverja brandara enda eigi Simpsons-fjölskyldan og húmorinn hennar sér langa sögu hér á landi. „Kannski einn og einn en ekkert meira,“ útskýrir Davíð sem fannst erfiðasta verkefnið að koma

hinum guðhrædda og kirkjurækna Ned Flanders til skila sómasamlega. Enda talar hann með miklum krúsíðullum og viðbótum í lok hverrar setningar. „Ég held samt að hann eigi eftir að hljóma mun asnalegri á íslensku heldur en ensku,“ segir Davíð. -fgg

TALA REYKVIÐSKT MÁL Davíð Þór segist ekki ætla að láta Hómer og fjölskyldu tala einhverja gullaldar íslensku heldur bara reykviskt mál frá árinu 2007.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. þrákellni, 6. skammstöfun, 8. upphrópun, 9. dauði, 11. ekki, 12. stólpi, 14. fylgihöttur, 16. átt, 17. sæ, 18. kvenkyns hundur, 20. frá, 21. árna.

LÖBTRÉTT

1. flík, 3. óreiða, 4. græðgi, 5. ái, 7. kurteis, 10. efní, 13. þangað til, 15. hluti handar, 16. arinn, 19. karlkyn.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. þráð, 6. eh, 8. úfff, 9. lát, 11. ei, 12. staur, 14. tungl, 16. sv, 17. sjó, 18. flík, 20. af, 21. óska. LÖBTRÉTT: 1. peis, 3. ru, 4. áferja, 5. af, 7. háttvir, 10. tau, 13. uns, 15. löfi, 16. stó, 19. kk.

GUNNAR FRÍÐÞJÓFSSON: OPNAÐI VEITINGASTAÐ Á BALÍ SEM SLÓ Í GEGN

Íslendingur rekur besta veitingastaðinn á Balí

Í nýútkominni ferðahandbók Lonely Planet um Indónesíu er veitingastaðurinn Delicat sagður vera einn af fimm bestu stöðum landsins, þar af sá allra besti á eyjunni Balí, sem er langvinsælasti áfangastaður ferðamanna í landinu. Íslendingurinn Gunnar Friðþjófsson er eigandi veitingastaðarins.

„Þetta er vissulega mikill heiður og sýnir að við stöndum okkur vel. Við hugsum samt lítið um þetta og einbeitungu okkur að því að elda góðan mat og skapa gott andrúmsloft,“ sagði Gunnar þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Gunnar opnaði veitingastaðinn árið 2003 en hann hefur búið í Indónesíu síðustu fimm ár. Þar áður bjó hann í Norgei í næstum tuttugu ár samtals.

Tilviljun ein réði því að Gunnar fór út í veitingahúsarekstur. „Mig langaði að stunda eigin rekstur og eftir að hafa séð blaðaauglýsingu um það húsnæði sem við erum í ákváð ég sækjast eftir því. Ég fékk húsnæðið og þá var ekkert annað að gera en að kýla á það,“ segir Gunnar, en það var ekki síst fyrir tilstilli Önnu, eiginkonu hans, að Balí varð fyrir valinu. Anna lést árið 2005 og hefur Gunnar því rekið staðinn einn síðustu tvö ár.

Á Balí búa rúmlega þrjár milljónir íbúa en fjórar milljónir erlendrar ferðamanna heimsækja eyjuna ár hvert og gera hana að langvinsælasta ferðamannastað Indónesíu. Og gestunum líkar við Delicat, því á helstu álagstímum er nánast undantekningarlaust fullt út úr dyrum.

Sænskar kjötbollar, grískt salat og lambakjöt, sérmatreitt á íslenskan hátt, er meðal þess sem finna má á matseðli Delicat, en auk þessa njóta fjölbreyttir morgun-



HEFUR SLEGIÐ Í GEGN Veitingastaður Gunnars Friðþjófssonar, Delicat, hefur slegið í gegn hjá innfæddum jafnt sem ferðamönnum á Balí. Maturinn þykir heimilislegur og á góðu verði en umfram allt einstaklega bragðgóður. Lonely Planet sparar honum ekki hrósið og mælir með því að ferðamenn geri sér ferð á staðinn til að kynna einstakri stemningu.

verðir staðarins mikilla vinsælda. Hægt er að velja á milli þess að fá amerískan, franskann, enskan, norskan eða einfaldlega hollan morgunmat á staðnum. Auk þess eru úr fáir staðir sem bjóða upp á borðvín á eins góðu verði og Delicat.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að elda góðan mat og reyni að gera Delicat sem heimilislegastan,“ segir Gunnar, en flestar uppskriftirnar sem stuðst er við á staðnum eru úr smíðju móður Gunnars, sem urðu til í eldhúsi fjölskyldunnar á Íslandi.

Veitingastaðurinn er ekki stór og tekur ekki nema um 50-60 manns, en Lonely Planet heldur því fram að það sé einmitt smæðin sem geri staðinn svo einstakan. Gítarar eru á víð og dreif um staðinn sem gestum er frjálst að spila á

og því myndast gjarnan ákveðin þjóðhátíðarstemning á staðnum. Síðan skemmur ekki fyrir að maturinn er auk þess fyrsta flokks, að því er Lonely Planet heldur fram.

Eitt útbreiddasta blað svæðisins, The Jakarta Post, gerði veitingastað Gunnars að umfjöllunarefni fyrir skemmstu. Þar er meðal annars rætt við nokkra af fastagestum Delicat sem spara honum ekki hrósið. „Ég kem hingað vegna félagsskaparins. Hér hittir maður fólk hvaðanæva úr heiminum og skiptist á sögum. Hér ríkir einstakur andi,“ segir Chrissy frá Ástralíu. Listamaðurinn Joe fær sér snæðing nánast daglega á staðnum. „Hér er yndislegt að vera og maturinn er góður. Ég get sagt að Delicat er eins og mitt annað heimili.“

vignir@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bloggsíðan Orðið á götunni hefur verið reist úr öskustónni og hafið innreið sína í Moggasamfélagið. Orðið var um tíma ein vinsælasta bloggsíða landsins en eftir magra tíma tilkynnti hún að ekki væri lengur markaður fyrir slíku. Þótt vefsíðan hafi lengst af verið nafnlaus vissu flestir að **Andrés Jónsson** var í framvarðarsveit hennar og þarf því ekki að koma neinum á óvart að hann skuli ekki hafa blogg-á ansi lengi á vefsíðu sinni godsamskipti.blog.is.



Tvö ný myndbönd frá rokkveitinni Jakobínarínu við lögin Jesus and This is an Advertisement eru á leið í spilun. Í að minnsta kosti öðru myndbandanna eru sveitarmeðlimirnir klæddir í rautt og hvítt. Fyrir því gætu legið smekkvísar ástæður en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru myndböndin styrkt af gosdrykkjaframleiðandanum Coca Cola og því má teljast líklegt að litirnir séu engin tilviljun.



Garðar Thor Cortes söng á laugardaginn fyrir heimilislausu í Covent Garden til að vekja athygli á bágunum aðstæðum þeirra. Tenórinn hefur tekið England með trompi því skammt er síðan að hann söng fyrir fullum Wembley-leikvangi. Á vefsíðu This is London er fjallað ítarlega um útitónleika Garðars og á það minnst að ný smáskífa sé væntanleg frá honum en það ku vera A-Ha smellurinn Hunting High And Low. -fgg



Stórmarkaður í stofunni heima
 PÖNTUNARSÍMI 550 5000
 EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

na na thai
 Thai Restaurant & Store

Matseðill á
www.thaimatur.com
 Tælenskur matur

Frí heimsending
 í póstr. 103 104 105 108
 Ef að pantað er fyrir meira en 3000 kr.
 Önnur svæði, 700 kr. heimsending

Skeifan 4
 Sími: 588 1818 • 896 3536

Þeysist um á rafknúnum fáki

„Ég hef alltaf haft áhuga á þessum tegundum af hjólum og þegar ég sá þetta auglýst ákváð ég bara að prófa,“ segir Eric E. Burgeson, sem þeytist um bæinn á rafknúnum hjóli. „Fyrsta hjólið sem ég prófaði reyndist ekki vel þar sem það var ekki fullhlaðið. En eftir að ég prófaði vel hlaðið hjól varð ekki aftur snúið.“

Eric býr í Breiðholti en starfar sem öryggisvörður og ræstiteknir í Kringlunni og Spönginni. Hann lætur sig ekki muna um að þeysast um á rafknúna fáknum til og frá vinnu. „Ég nota hjólið dags daglega og þetta er allt annað en þessi venjulegu hjól. Rafknúna hjólin leysa þessi tvö vandamál sem hjólráðamenn á Íslandi eiga við að glíma, það er mótvindinn og brekkurnar,“ segir Eric. „Það eru allir til í að hjóla á góðum degi en það er öllu erfiðara að fara að púla á


hjólinu eftir átta stunda vinnudag. Á rafknúna hjólinu er þetta hins vegar ekkert mál.“

Eric hefur farið víða um á rafknúna fjallahjólinu sínu. „Ég hef hjólað út um allar trissur – inn í Mosfellsdal, að Bessastöðum eða út á Seltjarnarnes – allt á einni hleðslu,“ segir Eric sem nú á tvö rafknúin hjól. „Á jafnsléttu kemst hjólið hraðast á fimmtán kílómetra hraða og það er mjög þægilegur hraði. Það er samt líka hægt að fá hjól sem eru með stillanlegum mótör og þau komast upp í allt að sextíu kílómetra hraða,“ segir Eric. -kh


ERIC Á HJÓLINU Rafknúna hjólin kosta á bilinu 100-160 þúsund krónur og er bæði hægt að fá tveggja hjóla sem þriggja. Eric telur að hver hleðsla kosta á bilinu 20-25 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




ÞESSAR VORU AÐ KOMA Í SKÍFUNA



Ýmir
100 íslensk 80's lög



Paul McCartney
Memory Almost Full



Marilyn Manson
Eat Me Drink Me



Rihanna
Good Girl Gone Bad



Bruce Springsteen
Live In Dublin



R Kelly
Double Up



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
Lífð heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Hver á að blása?

Sunnudagsmorgunn í Kaupmannahöfn. Klukkan er hálf-ellefu og í Københavns Dommervagt stendur sléttfeitur maður frammi fyrir rétti. Hann er 29 ára gamall. Þessa stundina er hann frægasti maður í Danaveldi. Samt veit enginn hvað hann heitir. Mynd af honum í rauðri treyju danska landsliðsins þekur hálfu forsiðu Ekstrablaðsins og við hliðina er fyrirsögn með stríðsfréttaletri: HVER ER ÞESSI HÁLFVITI?

UNGI MAÐURINN er ekki alveg klár á því hvað gerðist í gær. Jú, hann fór á völinn, „Parken“, að sjá Dani leika við Svía í undankeppni EM í knattspyrnu og fékk sér nokkra bjóra. Hvað marga? Bara svona fimmtán til tuttugu.

MINNISLEYSIÐ kemur ekki að sök. Næg vitni eru að atburðum gærdagsins sem auk þess voru bæði kvikmyndaðir og ljósmyndaðir. Það sem gerðist var í stórum dráttum þetta: Knattspyrnuleikurinn er æspennandi. Staðan er 3:3. Örfáar mínútur eftir. Boltinn er úti við hliðarlínu en rétt við vítateig danska liðsins fellur sænski leikmaðurinn Markus Rosenberg til jarðar og heldur um magann. Aðstoðardómari gefur dómáranum merki. Þeir ræðast við. Aðstoðardómari segist hafa séð danska leikmanninn Christian Poulsen kýla Rosenberg í magann. Dómari, Herbert Fandel, dæmir vítaspárnu og dregur upp rauða kortið og vísar Poulsen út af vellinum.

HEFSTPÁ saga unga mannsins sem eftir að hafa sopið 15 til 20 bjóra er ekki sáttur við úrskurð þýska dómarsins. Hann hleypur inn í völinn og nær að slá dómara í andlitið. Dómara er brugðið. Það er ljóst að hvorki hann né leikmennirnir eru óhultir. Hann flautar leikinn réttléga af og dæmir Svíum sigur.

„ÍPRÓTTIN FAGRA“, „glæsileikurinn“, „the Beautiful Game“, hefur bedið sáran og niðurlægjandi ósigur. Tveir hálfvitar, ofbeldisseggurinn Poulsen og sléttfeiti fylliraturinn sem enginn veit hvað heitir, hafa eyðilagt saklausa skemmtun fyrir milljónum friðsamra áhorfenda.

ÞEGAR SUKK OG OFBELDI eyðileggur knattspyrnuleik getur dómari flautað leikinn af. En hver blæs í flautuna þegar sukk og ofbeldi er farið úr böndunum utan íþróttavalla?

Fréttablaðið er
smáauglýsinga-
blaðið

ÞÓNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



NISSAN 4x4



Verð aðeins **2.990.000 kr.**
Innifalið í verði: Bakkvörn, dráttarveisli og stigbretti

FYRSTIR KOMA

FYRSTIR FÁ!

NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA NISSAN X-TRAIL SPORT
Á FRÁBÆRU VERÐI MEÐ VEGLEGUM AUKAPAKKA!

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Staðalbúnaður: 17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Akureyri
464 7940

Höfn í Hornafirði
478 1990

Njarðvík
421 8808

Reyðarfirði
474 1453